



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

30. nóvember 2005 – 324. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

**Syngur og syngur**

Hallveig Rúnarsdóttir sópran syngur aðventulög á Háskólatónleikum í hádeginu og treður svo upp með Sinfóníunni í Háskólabíó annað kvöld.



MENNING 26

**Íslandisering**

Ólafur Hannibalsson segir aðalfrétt helgarinnar hafa verið að bandarísk hernaðaryfirvöld hafa nú opinberlega lýst yfir að þau sjái enga ógn steðja að Íslandi sem réttlætt geti stöðuga nærveru herafla þeirra.

Í DAG 18

**Framkvæmdastjóri FÍB**

Runólfur Ólafsson segir tuttugu prósent ungmenna lenda í slysi fyrsta árið.

BÍLAR 24

**Jafntefli í hörkuleik**

Valur og Stjarnan gerðu 32-32 jafntefli í miklum slag í DHL-deild karla í handbolta í gær. Patrekur Jóhannesson rotaðist í leiknum og var fluttur á sjúkrahús.

ÍÞRÓTTIR 34

**VEÐRIÐ Í DAG**



**RIGNING EDA SLYDDA** í borginni og til stranda sunnan og vestan til en snjókoma til landsins. Stöku él á Norður- og Austurlandi.

VEÐUR 4

**SUÐVESTURHORNID**

Lestur kvenna á miðvikudögum\*

71%

44%

Fréttablaðið

Mbl.

\*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í júní 2005. Lestur meðal 25-54 ára kvenna.

## Skortir samráð um gríðarlega hagsmuni

Ríkisendurskoðun gerir athugasemd við að Íbúðalánasjóður hafi breytt hlutverki sínu án þess að lögjafinn hafi komið þar nærri. Húsnæðiseigendur greiddu upp lán sín hjá sjóðnum fyrir 158 milljarða króna á tíu mánuðum.

**ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR** Ríkisendurskoðun gerir athugasemdir við lánveitingar Íbúðalánasjóðs til banka í kjölfar umfangsmikillar uppgreiðslu lántakenda hjá sjóðnum. Frá september í fyrra fram á mitt þetta ár greiddu lántakendur upp 158 milljarða króna hjá sjóðnum.

Í skýrslu sem Ríkisendurskoðun birti í gær segir að tryggara hafi verið að skoða betur heimildir sjóðsins og treysta laga-grundvöll fyrir aðgerðum sjóðsins þegar hann þurfti að tryggja áframhaldandi tekjur þrátt fyrir uppgreiðsluna.

Fram kemur að frá áramótum hefur Íbúðalánasjóður með sérstökum samningum lánað bönkum og sparisjóðum 85 milljarða króna til allt að 40 ára á grundvelli reglna og fyrimæla um áhættustýringu, sem Ríkisendurskoðun telur að séu að ýmsu leyti óskýrar.

Ríkisendurskoðun telur hlutverk og umfang starfsemi Íbúðalánasjóðs á húsnæðis- og fjármagnsmarkaði þess eðlis að hafa þurfi víðtækt samráð helstu stjórnvalda um breytingar á starfsemi. „Að mati Ríkisendurskoðunar voru þær aðgerðir sem sjóðurinn taldi sig nauðbeygðan til að grípa til á sviði áhættustýringar haustið 2004 þess eðlis að æskilegt hefði verið að bæði forsvarsmenn hans og félagsmálaráðuneytið ... hefðu haft samráð við þau stjórnvöld sem helst koma að fjárstjórn ríkisins og stjórn efnahagsmála.“

Ríkisendurskoðun telur að með umræddum lánasamningum við banka og sparisjóði hefði Íbúðalánasjóður stigið ákveðið skref í þá átt að breyta hlutverki sínu í þá veru að verða einnig endurfjármögnunarsjóður. „Langeðlilegast er að lögjafinn sjálfur taki slík-



**ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR** Hefur lánað bönkum og sparisjóðum 85 milljarða frá áramótum.

ar ákvarðanir enda mjög brýnt að hafa víðtækt pólitísk samráð um slík mál,” segir í skýrslunni.

Árni Magnússon félagsmálaráðherra segir skýrsluna staðfesta að Íbúðalánasjóður hafi farið að lögum við gerð lánasamninga og komið í veg fyrir tjón sjóðsins vegna uppgreiðslu lána. Skýrslan geti þó jafnframt gefið tilefni fyrir lögjafan til þess að endurskoða lög um sjóðinn og hlutverk hans.

Sjá Markaðinn síðu 1 og 10 / - jh



**GRIMMILEG MEÐFERÐ** Blettatígrar eru fótfráustu skepnur jarðarinnar. Tegundin er í útrýmingarhættu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tveimur blettatígrum bjargað:

## Voru látnir fljúgast á

**ADDIS ABABA, AP** Bandarískir hermenn og dýralæknir á vegum Eþíópíustjórnar frelsuðu um helgina tvo blettatígursunga úr klóm veitingamanns sem lét þá berjast viðskiptavinum sínum til skemmtunar.

Á ferð sinni um fjarlægari héruð landsins rákust Bandaríkjamennirnir á ungana fyrir tilviljun. Þeir voru illa á sig komnir og var annar þeirra blindur eftir að veiðibjófur höfðu sparkað í andlit hans.

Veitingamaðurinn neitaði að afhenda ungana með góðu og því tók embættismaður stjórnvalda, með aðstoð hermanna, þá í sína vörslu. Þeir dvelja nú í góðu yfir-læti í höfuðborginni. ■



**LITLAR SKEMMDIR** Enginn var hætt kominn þegar krani féll við nýbyggingu í Kórahverfi í Kópavogi en hann er talinn ónýtur. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Óhapp við framkvæmdir:

## Krani valt í Kópavogi

**SLYS** Byggingakrani valt við nýbyggingu í Kórahverfi í Kópavogi um miðjan dag í gær en engin slys urðu á fólki.

Tildrög slyssins eru ókunn en Ragnar Þór Ólason, kranaþjóri og smiður, segist ekki muna eftir því áður að krani sem þessi velti án þess að óveður sé.

„Við höfum enga hugmynd um hvað gerðist sem olli þessu en það slasaðist enginn og Vinnueftirlitið er að rannsaka þetta,“ segir Ragnar og bætir við: „Það var fínt veður og það er nákvæmlega ekkert sem útskýrir hvað hér átti sér stað. Vonandi finnur Vinnueftirlitið orsökina við rannsókn sína.“ - aðe

Íslendingar í hitabeltisstorminum Delta á Kanaríeyjum:

## Tré rifnuðu upp með rótum

**HAMFARIR** „Það lágu ljósastaurar og pálmtré með rótum hingað og þangað,“ segir Birna Guðjónsdóttir sem búsett er ásamt eiginmanni og tveimur stúlkum á Santa Brigída nálægt Las Palmas á Kanaríeyjum.

Hún var akandi á heimleið frá Playa del Ingles í fyrrinótt þegar hitabeltisstormurinn Delta gekk yfir. „Svo þegar heim var komið var rafmagnið alltaf að fara af en það gerist nú venjulega ef eitt-hvert óveður er,“ segir Birna. Ekkert skólahald var á svæðinu í gær vegna ástandsins þó versta veðrið væri gengið niður.



**DAGINN EFTIR DELTU** Ljósastaurar og tré máttu sín litils frammi fyrir feiknarkrafti Deltu sem reið yfir Kanaríeyjar í fyrrinótt. Þessi mynd er tekin í Santa Brigída þar sem Birna býr. MYND/BIRNA GUÐJÓNSDÓTTIR

Ekkert tjón varð á eignum fjölskyldunnar en víða brotnuðu gluggar í nágrenninu auk þess sem fjölmargir bílar skemmdust. Birna hefur þó ekki enn haft fregnir af því að neinn af hennar kunningjum hafi orðið fyrir verulegu tjóni.

Klara Björnsdóttir sem býr og rekur veitingastað á Playa del Ingles á vesturströnd eyjunnar Gran Canarias segir hátt í fimmtíu Íslendinga vera þar á slóðum en til allrar lukku náði stormurinn ekki þangað. „Þetta var bara svona eins og íslenskt suddaveður hér og maður er nú ekki að kvarta yfir því,“ segir hún. - jse

**> Markaðurinn**  
Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...  
FYLGIR MED FRÉTTABLAÐINU Í DAG

**MARKAÐURINN**

Núla frá Austurbakka  
Gagnrýnir upplýsingagjöf Íbúðalánasjóðs  
Ófagleg vinnubrögð KB Banka

MARKAÐURINN



## SPURNING DAGSINS

Njörður, eru þessi samtök eitthvað spes?

„Orðið spes er latína og merkir von.“

Njörður P. Njarðvík er stofnandi Íslandsdeildar samtakanna SPES International sem annast og mennta munaðarlaus börn í Afríkukríku Togo.



VETURINN FÆRIST YFIR Hin kalda hönd Himalajafjalla er farin að teygja sig til hamfarasvæðanna í Pakistan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hamfarasvæðin í Kasmír:

## Fólk farið að deyja úr kulda

**PAKISTAN** Tveir hafa þegar látist af völdum mikilla kulda á jarðskjálftasvæðunum í Pakistan og óttast er að eins muni fara fyrir tugþúsundum manna ef ekki berst þangað meiri hjálp.

Í fyrradag voru meira en hundrað manns fluttir á sjúkrahús með öndunarfærarsjúkdóma og tveir lifðu ekki af nóttina. Þetta eru fyrstu dauðsföllin sem hægt er að rekja beint til vetrarkuldanna. Vikum saman hefur verið varað við því að hinn harði vetur í Pakistan muni fella þúsundir manna verði ekki brugðist við á skilvirkari hátt. ■

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði komið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrir fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttmænt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

Loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna stendur yfir í Montreal:

## Bandaríkin gagnrýnd harðlega

**MONTREAL, AP** Bandarískir embættismenn staðhæfðu á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál sem fram fer í Montreal í Kanada að ríkisstjórn þeirra legði meira af mörkum en flest önnur ríki við verndun andrúmsloftsins. Þeir uppskaru harða gagnrýni fyrir vikið.

Ráðstefnan hófst í fyrradag en þar koma saman um það bil 10.000 sérfræðingar frá 180 ríkjum og skeggræða um hvernig sporna megi við hlýnun jarðar. Vonast er til að samkomulag náist um aðgerðir til að draga enn frekar úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Harlan Watson, einn samningamanna bandaríska utanríkisráðu-

neytisins, benti fundarmönnum á að síðan George W. Bush hefði tekið við völdum hefðu Bandaríkin dregið úr losun slíkra lofttegunda um sem nemur 0,8 prósentum, enda þótt þau ættu ekki aðild að Kyoto-bókuninni svonefndu. Auk þess verðu stjórnvöld jafnvirði 300 milljarða króna á hverju ári til rannsókna og tæknibróunar í þessum geira.

Elizabeth May frá Kanada sakaði hins vegar Bandaríkjamenn, sem losa allra þjóða mest af gróðurhúsalofttegundum, um að ætla að eyðileggja Kyoto-bókunina. Hún kvaðst þeirrar skoðunar að Bushstjórnin væri mesta umhverfisvá jarðarinnar.

-shg



FUNDARGESTIR ÁVARPAÐIR Stephane Dion, umhverfisráðherra Kanada og forseti ráðstefnunnar, bauð þingfulltrúana hjartanlega velkomna.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Neýðarástand í Kólumbíu:

## Hundrað látnir í rigningum

**KÓLUMBÍA** Nærri hundrað hafa látist og meira en þúsund heimili eru rústir einar eftir gríðarleg flóð í Kólumbíu undanfarna daga.

Rigningar í landinu síðustu mánuði eru þær mestu í aldarfjórðung og áhrifanna gætir um allt land. Síðan í september hafa nítján þúsund hús skemmt í flóðum og aurskriðum og mestallt atvinnulíf hefur nánast legið niðri í nokkrum borgum.

Verst er ástandið í norðvesturhluta landsins og ríkisstjórnin leggur nú kapp á að koma þangað mat, lyfjum og öðrum nauðþurftum, auk þess sem fjölmörgum neyðarskýlum hefur verið komið upp. ■

## Með 2.000 starfsmenn í Eystrasalti

Íslendingar reka hátt í 20 fyrirtæki af 400 norrænum fyrirtækjum í Eystrasaltsríkjum. Í flestum tilfellum eru starfsmenn íslensku fyrirtækjanna ekki í stéttarfélagum. Kannað verður hvort þau virði leikreglur á vinnumarkaði.

**ATVINNULÍFIÐ** Um 400 norræn dótturfyrirtæki eru starfrækt í Eystrasaltslöndunum, þar af eru tólf íslensk fyrirtæki með hátt í 2.000 starfsmenn. Fimm þessara fyrirtækja starfa í byggingar- eða málmíðnaði. Þetta kemur fram í skýrslu um umsvif norrænna fyrirtækja í Eystrasaltsríkjum sem norrænu stéttarfélagin létu vinna.

Í Eistlandi starfrækja Íslendingar eitt dótturfyrirtæki í byggingaríðnaði. Það hefur 110 starfsmenn. Í Lettlandi eru tvö byggingarfyrirtæki með 560 starfsmenn auk málmíðnaðarfyrirtækis með 16 starfsmenn. Í Litháen er íslensk verksmiðja með 100 starfsmenn en búist er við að þeir verði 250 um áramót.

Til viðbótar eru sjö önnur fyrirtæki í eigu Íslendinga, eitt í Litháen og sex í Lettlandi. Þessi fyrirtæki hafa samtals rúmlega þúsund



Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar, segir að kannað verði hvort fyrirtækin hafi gert kjarasamninga og virði almennar leikreglur á vinnumarkaði.

starfsmenn. Flest eru fyrirtækin í matvælaíðnaði en eitt framleiðir fatnað og annað er í efnaiðnaði.

Jyrki Raina, framkvæmdastjóri norrænna málmíðnaðarsambandsins Nordiska Metall, segir að það hafi komið norrænu samböndunum á óvart hversu stór íslensku fyrirtækin séu



Norræn könnun hefur leitt í ljós að Íslendingar reka um 20 fyrirtæki af þeim 400 norrænu fyrirtækjum sem starfrækt eru í Eystrasaltsríkjum.

í Eystrasaltslöndunum. Nú sé það verkefni félaganna að ákveða hvernig eigi að nálgast þau og bæta kjör þessara starfsmanna.

Í langflestum tilfellum eru starfsmenn íslensku fyrirtækjanna ekki í stéttarfélagum. Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmda-

stjóri Samiðnar, segir í fréttabréfi félagsins að næsta verkefni verði að afla nánari upplýsinga um starfsemi fyrirtækjanna, hvort þau hafi gert kjarasamninga og virði almennar leikreglur á vinnumarkaði.

ghs@frettabladid.is



PAKÓDÍN Dæmi voru um að fíklar gengju milli apóteka og sönuðu að sér kódeinlyfjum.

Verkjalýfið Parkodín:

## Tvöfalt fleiri lyfjaávisanir

**LYFIAMÁL** Nærri lætur að fjöldi lyfseðla á Parkodíni hafi tvöfaldast frá því að það var gert lyfseðlisskilyt, að því er fram kemur á vefsíðu Landlækniseimbættisins.

Ekki liggja fyrir tölur um hver lausasala á Parkodíni var áður en breyting var gerð 1. október 2005. Þá er tekið fram að ekki hefur orðið breyting á ávisunum á lyfið Parkodín forte, sem inniheldur kódein í meira magni, en það hefur alltaf verið lyfseðlisskilyt.

Breytingin hefur gengið mun betur fyrir sig en margir þorðu að vona. Starfsfólk apótekanna mun ekki hafa orðið fyrir áreiti af völdum þeirra sem ekki gátu fengið lyfið með sama hætti og áður en margir lyfjafræðingar og starfsfólk apótekanna höfðu óttast slíkt. ■

Kærður vegna unglingsstúlkna:

## Sakaður um nauðganir

Tvítugur maður í Reykjavík sætir rannsókn lögreglu eftir að hafa í tvígang verið kærður fyrir að nauðga unglingsstúlkum, fimmtán ára gömlum.

Hörður Jóhannesson, yfirlög- regluþjónn í Reykjavík, staðfesti að mál mannsins hefði komið inn á borð lögreglu og væri í rannsókn.

Hann gat ekki staðfest að lögreglu hefði borist þriðja málið, sem sagt er snúa að fjórtán ára gamalli stúlkun. -óká

Sjóður um aukið verðmæti sjávarafla hefur veitt 400 milljónum til 145 verkefna:

## Ekki bara frumframleiðslugrein

**SJÁVARÚTVEGUR** „Á þremur árum hefur sjóður um aukið verðmæti sjávarafla lagt til rúmar 400 milljónir króna til 145 verkefna. Óhætt er að segja að þau verkefni hafi verið að velta rúmum milljarði króna,“ segir Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra.

Einar kynnti í gær starfsemi AVS-sjóðsins á blaðamannafundi í HB Granda í Órfirisey en markmiðið með þeim sjóði er að auka verðmæti sjávarafla, líkt og skammstöfunin gefur til kynna. „Þetta sýnir okkur að sjávarútvegurinn er ekki bara, eins og menn hafa gjarnan álitnið, frumframleiðslugrein heldur þvert á móti margbrottin atvinnugrein og í raun þekkingariðnaður,“ bætir Einar við.

Styrkir hafa verið veittir til verkefna á markaðssviðum, í fiskeldi, líftækni og á tækni- og þróunarsviðum. Á meðal verk-



EINAR K. GUÐFINNSSON OG FRÍÐRIK FRÍÐRIKSSON Friðrik, stjórnarformaður AVS-sjóðsins, setur fundinn í HB Granda í gær en Einar K. Guðfinnsson situr við hlíð hans.

efna sem sjóðurinn hefur styrkt má nefna framleiðslu Samherja á formuðum fiskbitum, eldi á villtum þorskseidum og eldisseidum í Ísafjarðardjúpi sem Hraðfrystihúsið Gunnvör hefur umsjón með, geymsla og flutningur á lifandi

humri, sem Skinney - Þinganes stendur í, og vinnsla Reykofsins í Grundarfirði á sæbjúgum.

Sjóðurinn lánar að hámarki helming af kostnaði hvers verkefnis en einnig vinnur hann með öðrum sjóðum. -jse

**HAPPA PRENNAN**

Tóla  
BESTI VINNINGUR  
kr. 1.500.000

0.000

Heppnir fá þá eitthvað fallett...

Toyota styrkir Mæðrastyrksnefnd

# Ánægjan er okkar, þín og þeirra

ILLUMINERUNG/STOFNUN/IS. 101 10104 1112403

## Lykill að gleðilegum jólum

Toyota vill veita öðrum hlutdeild í velgengni fyrirtækisins á árinu. Þess vegna liðsinnum við Mæðrastyrksnefnd með sérstökum hætti.

Með hverjum nýjum bíl sem við afhendum kaupanda á tímabilinu 21. nóvember til 20. desember gefum við þrjár jólagjafir til Mæðrastyrksnefndar: Matarkörfu, gjöf fyrir stúlku og gjöf fyrir dreng.

Að sama skapi hvetjum við önnur fyrirtæki og einstaklinga sem velgengni hafa átt að fagna á árinu að láta gott af sér leiða um jólin.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

## GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 29.11.2005

## KAUP SALA

	Bandaríkjadalur USD	63,06	63,36
	Sterlingspund GBP	108,74	109,26
	Evra EUR	74,47	74,89
	Dönsk króna DKK	9,988	10,046
	Norsk króna NOK	9,372	9,428
	Sænsk króna SEK	7,855	7,901
	Japanskt jen JPY	0,529	0,532
	SDR XDR	89,88	90,42

## Gengisvísitala krónunnar

104,8966

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Röð sprengjutilræða:

## Sjö fórust í árás íslamista

**BANGLADESS, AP** Talið er að minnsta kosti sjö hafi látið lífið í sprengjutilræðum í borgunum Chittagong og Gaizipur í Bangladesi í gærmorgun.

Nokkrar sprengjur sprungu samtímis í borgunum og virtust dómssalir vera skotmörk tilræðismannanna. Auk þeirra sem fórust slösuðust 66 í árásunum.

Enginn hefur lýst ábyrgð á hendur sér en böndin berast að Jumatul Muhjahidden, samtökum róttækra íslamista, sem hafa staðið fyrir svipuðum árásum áður. Þau vilja að komið verði á fót íslömsku ríki í Bangladesi. ■



**UMTALSVERÐ EYÐILEGGING** Lögmenn og dómárar í Bangladesi neituðu að mæta til vinnu í kjölfar tilræðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## LÖGREGLUFRETTIR

## Skytta slasaðist á voðaskoti

Rjúpnaskytta sem slasaðist talsvert á hendi þegar hann fékk voðaskoti í höndina í Svinadal ofan við Reyðarfjörð fór í gær í aðgerð á Landspítalanum - háskólasjúkrahúsi. Þjögungarsveitin Ársól á Reyðarfirði var kölluð út vegna slýsins sem varð á öðrum tímanum í gær. Það varð með þeim hætti að maðurinn hrasaði og við það hljóp skot úr byssunni í höndina á honum.

## LEIÐRÉTTING

Í frétt um Íbúðalánasjóð sem birtist í blaðinu á mánudag var ranghermt að fyrirtækið Ráðgjöf og efnahagsspá ehf. hefði unnið úttekt á fjárhagslegri stöðu Íbúðalánasjóðs. Fyrirtækið hefur ekki unnið úttekt á fjárhagslegri stöðu sjóðsins né samið við félagsmálaráðuneytið um gerð slíkrar úttektar.

Fjórir starfsmenn vörumiðstöðvar Samskipa reknir fyrir að sameinast um þjófnað:

## Tóku áfengi sem átti að farga

**LÖGREGLA** Fjórum starfsmönnum vörumiðstöðvar Samskipa hefur verið sagt upp störfum fyrir að stela áfengi sem átti að farga.

Þjörgvin Jón Bjarnason, framkvæmdastjóri innanlandssviðs Samskipa, segir málið hið raunalegasta, en eftir að afbrotin uppgötvaðust sagði fólkið upp og lét af störfum á föstudag og um helgina. Lögregla rannsakar nú þjófnaðinn, en hann var upplýst-



**BJÖRGVIN JÓN BJARNASON** Framkvæmdastjóri innanlandssviðs Samskipa.

ur með aðstoð hennar og tollayfirvalda.

Ekki liggur fyrir hversu umfangsmikill þjófnaðurinn var, en Þjörgvin telur þó að ekki hafi verið um mikið magn að ræða. Hann segir upp hafa komist um málið vegna þess að auga sé haft með svo viðkvæmum innflutningi, en ekki vegna þess að merkja hefði mátt aukningu í förgun áfengis. „En förgun getur verið vegna beyglaðra dósa, skemmda á umbúðum, til dæmis utan um kassavín, eða vegna þess að vara reynist útrunnin,“ segir hann. Fólkið sem hætti starfaði saman á sömu deild og sagði Þjörgvin ákveðna eftirsjá af því, enda um



**ÚR VÍNBUÐ** Starfsmenn vörumiðstöðvar Samskipa stálu áfengi sem átti að farga. Starfsmennirnir fjórir voru reknir.

góða starfsmenn til margra ára að ræða. „Þarna var verið að farga víni og fólki finnst kannski að vara sem búið er að afskrifa sé komin á eitthvert einskismannsland, en svo er náttúrulega alls ekki.“ - óká



**MARTIN RÝFUR ÞING** Paul Martin forsætisráðherra gengur ásamt eiginkonu sinni af fundi fulltrúa drottningar, Michaelle Jean, í Ottawa í gær með formlegt bréf um þingrof og boðun kosninga 23. janúar. MYND/AP

## Kosningum flýtt í Kanada

Vantraustsyfirlýsing var í gær samþykkt á Kanadastjórn, minnihlutastjórn Frjálslynda flokksins undir forystu Paul Martins. Kosnið verður seint í janúar.

Kanada, AP Paul Martin, forsætisráðherra Kanada, rauf í gær þing og boðaði kosningar þann 23. janúar, eftir að Kanadapring samþykkti á mánudagskvöld vantraust á minnihlutastjórn hans. Tilefni vantraustsyfirlýsingarinnar var spillingarhneyksli sem háttsettir menn í Frjálslynda flokknum, flokki forsætisráðherrans, eru flæktir í og snýst um misnotkun fjár úr opinberum sjóðum.

Leiðtogar stjórnarandstöðuflokkanna - Íhaldsflokksins, Nýja lýðræðisflokksins og Bloc Quebecois, flokks frönskumælandi Quebec-búa - sem saman höfðu meirihluta á þingi, settu Martin í síðustu viku afarkosti sem hann féllst ekki á og því var efnt til vantraustsatkvæðagreiðslunnar. Martin vildi ekki fallast á að rjúfa þing í janúar og boðaði kosningar í febrúar. Stjórnarandstöðuleiðtogarnir sögðu Frjálslynda flokkinn rúinn síðferðilegum trúverðugleika til að stjórna landinu.

Þessi niðurstaða þýðir að kosnið verður til allra 308 sættanna á Kanadapringi. Ríkisstjórn Martins mun sitja til bráðabirga þangað



**JACK LEYTON** Leiðtogi Nýja demókrataflokksins opnar kosningabaráttuna í Ottawa í gær. MYND/AP

til. Hún þýðir þar með að nú verður kosningabaráttan háð yfir hátíðarnar, en að kosningar fari fram um hávetur í Kanada gerðist síðast fyrir 26 árum.

Samkvæmt skoðanakönnunum nýtur Frjálslyndi flokkurinn smávægilegs forskots á Íhaldsflokkinn. Nýi lýðræðisflokkurinn er í þriðja sæti. Sömu skoðanakönnunir benda til að Bloc Quebecois muni sópa til sín atkvæðum í Quebec en það gerir ósennilegt að hægt verði að mynda stöðuga meirihlutastjórn eftir kosningar.

Stephen Harper, leiðtogi

Íhaldsflokksins, yrði forsætisráðherra ef flokkur hans fengi flest atkvæði.

Samskipti Kanadastjórnar við ráðamenn í Washington hafa verið stíð í stjórnartíð Martins, sem beitti sér gegn innrásinni í Írak og hafnaði þátttöku Kanadamanna í eldflaugavarnakerfi Bandaríkjamanna. Íhaldsmenn segjast myndu bæta samskiptin suður yfir landamærin en kanadískir kjósendur studdu annars almennt stefnu stjórnar Martins í Íraksmálum og öðrum utanríkismálum. Barátta Martins fyrir því að giftingar samkynhneigðra yrðu leyfðar um allt Kanada hefur hins vegar verið umdeildari, og hneykslismál í kring um misnotkun fjár úr sjóðum sem meðal annars áttu að styðja sérstaka „þjóðareiningaráætlun“ í Kanada hefur grafið undan Frjálslynda flokknum.

Minnihlutastjórn Martins tók við stjórnartaumunum fyrir aðeins 17 mánuðum, eftir að Frjálslyndi flokkurinn missti í kosningum þingmeirihlutann sem hann hafði áður. aundunn@frettabladid.is

Kínverskir embættismenn:

## Stökkbreyting í flensuveirunni

**FUGLAFLENSA** Fuglaflensuveiran sem fundist hefur í fólki í Kína hefur þegar stökkbreytst og er öðruvísi en sá stofn veirunnar sem fundist hefur í fólki í Vietnam.

Þetta fullyrða talsmenn heilbrigðisráðuneytisins í Kína. Enn er þó ekki talið að veiran geti borist beint á milli manna, en margir óttast að slíkt geti leitt til heimsfaraldurs.

Í gær voru yfirmenn dýralæknisembættisins í Brailahéraði í Rúmeníu reknir úr starfi eftir að sjónvarpsstöð sýndi myndir af starfsmönnum þeirra henda lifandi fuglum á bál til að sporna við fuglaflensunni. ■

Blaðamannafélag Íslands:

## Samningarnir í takt við launin

**KJARASAMNINGAR** „Með þessum samningi er í raun verið að færa launataxta blaðamanna að greiddu kaupum og semja um svipaðar launahækkningar og aðrir hafa verið að semja um,“ segir Arna Schram, formaður Blaðamannafélags Íslands.

Skrifað var undir kjarasamning félagsins við Samtök atvinnulífsins í gær en undir hatti þeirra eru tveir af stærstu fjölmöllum í landinu, Morgunblaðið og 365 Miðlar.

Samningurinn verður lagður fyrir félagsmenn á komandi dögum en mun taka gildi fyrsta desember verði hann samþykktur. - aðe



**SKRIFAÐ UNDIR** Í ljós kemur á næstu dögum hvort félagsmenn í Blaðamannafélaginu samþykkja nýjan kjarasamning. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI


## SKÓLAMÁL

**Systkinaafsláttur á Seltjarnarnesi** Nýlega tók gildi sérstakt afsláttakerfi á Seltjarnarnesi sem nær til dagmæðra, leikskóla og grunnskóla. Þannig að fjölskylda með tvö börn á einhverju þessara skólastiga fær 25 prósentu afslátt fyrir annað barnið og ef þau eru þrjú fær þriðja barnið 50 prósentu afslátt. Fyrir var slíkt afsláttakerfi sem náði einungis til leik- og grunnskóla.

## FÉLAGSDÓMUR

**Vill vera samningsaðili** Fyrirtaka var í gær í Félagsdómi í máli Skurðlæknafélags Íslands gegn íslenska ríkinu. Skurðlæknafélagið vill vera sjálfstæður samningsaðili við ríkið í stað Læknafélagsins en ríkið hefur hafnað því.

## Áhrifamikil og sönn



Ingólfur Margeirsson fékk heilablóðfall fyrir fáum árum og fjallar í þessari bók um baráttu sína við að öðlast bata á nýjan leik.

„Það þarf mikið hugrekki til að skrifa svona bók um hverfuleika lífsins ... Alvaran er mikil en skoplegu hliðarnar gleymast ekki ... stillinn er léttur og leikandi.“

Jóhann Hjálmarsson, Mbl.

**SKRUDDA**

Eftirlit 9 - 101 Reykjavík  
s. 552 8866 - skrudda@skrudda.is  
www.skrudda.is


## VEÐURSPÁ

um hádegi »


Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfraeðingur

**VÍÐA OFAN-KOMA**  
Það má búast við úrkomu víða um land í dag. Fyrst og fremst reyndar um sunnan og vestanvert landið og þá ýmist sem rigning, slydda eða snjóþykning allt háð hitastigi, enda er hitinn ekki há, mildastur til stranda en frost til landsins. Annars staðar verða stóku él.


**HÖFUÐ-BORGIN Í DAG**  
Stíf austanátt. Slydda eða rigning. Hití rétt yfir frostmarki.



» á morgun



» föstudagur



Kaupmannahöfn	4°C hálfskýjað	Paris	7°C alskýjað	Alicante	15°C hálfskýjað
Oslo	-2°C hálfskýjað	Berlín	1°C alskýjað	Milano	8°C hálfskýjað
Stokkhólmur	-2°C hálfskýjað	Frankfurt	2°C alskýjað	New York	14°C rigning
Helsinki	2°C alskýjað	Madrid	14°C heiðskirt	San Francisco	15°C alskýjað
London	9°C léttskýjað	Barcelona	11°C heiðskirt	Orlando/Flórída	28°C léttskýjað

\* Svæði þar sem búast má við talsverri vætu eru skyggt á kortinu. Minniháttar úrkomar eru táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



ÞEIR SEM TAKA  
**KB ÍBÚÐALÁN** Í DAG  
GREIÐA SÖMUM VEXTI  
NÆSTU 40 ÁRIN

Kynntu þér málið í næsta útibúi, á [kbbanki.is](http://kbbanki.is) eða í síma 444 7000.



## KJÖRKASSINN

Á að leggja niður Íbúðarlána-sjóð?

Já 15,3%

Nei 84,7%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á ríkið að jafna rafmagnskosnað fyrirtækja eftir landshlutum?

Segðu þína skoðun á visir.is

visir

Reglugerð um skerðingu bótagreiðslna öryrkja og aldraðra felld úr gildi:

# Allir fá bætur áfram út árið

**STJÓRNMÁL** „Ég hef tekið ákvörðun um að fella reglugerðina úr gildi strax og það verður greitt út eins og áður var til áramóta,“ segir Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra. Hann ákvað í gær í kjölfar mikillar andstöðu með þá ákvörðun að skerða bótagreiðslur til öryrkja og ellilífeyrisþega að fella reglugerð þess efnis úr gildi og greiða áfram bætur til þeirra sem samkvæmt henni höfðu ekki fengið greiðslur síðustu tvo mánuði ársins.

Áfram verður um skerðingu að ræða hjá þeim sem nýtt hafa sér að fullu bótarétt sinn. Það munu vera um 80 einstaklingar en sú skerðing verður aðeins 20 prósent



**DRÓ Í LAND** Vegna mikilla mótmæla hefur heilbrigðisráðherra felld úr gildi reglugerð um skerðingu bóta öryrkja og ellilífeyrisþega.

í stað þeirrar hundrað prósentu skerðingar sem fyrirhuguð var samkvæmt reglugerðinni.

Reglugerðin vakti hörð viðbrögð Landssambands eldri borgara sem rituðu ráðherra bréf þar sem skorað var á hann að draga hana til baka, Jón segir mikilvægt að koma í veg fyrir að bætur falli alfarið niður hjá hópi fólks síðustu tvo mánuði ársins og þess vegna hafi hann dregið hana til baka. „Ég mun skipa í framhaldinu vinnuhóp til að fara nánar yfir framkvæmdina sem mun ljúka störfum í lok janúar og þar sem farið verður yfir mál þeirra 80 öryrkja sem fullnýtt hafa sér bótaréttinn og hefðu orðið fyrir skerðingu.“

- aðe

Hótelmorðið í Danmörku:

## Fjórir Pólverjar í gæsluvarðhald

**DANMÖRK** Tveir Pólverjar hafa verið úrskurðaðir í einangrunarvist fram á Þorlákssmessu vegna morðsins á ungum Gambíumanni sem fannst látinn á hótelherbergi í Kaupmannahöfn í fyrradag.

Tvær pólskar konur voru einnig úrskurðaðar í varðhald en Pólverjarnir eru allir sagðir hafa verið á hótlinu á sama tíma og morðið var framið.

Sá myrta hafði dvalið á hótlinu um nokkurt skeið. Vitni heyrðu mikinn hávaða frá herbergi hans nokkrum tímum áður en hann fannst látinn. Hann var með mikla áverka á höfði eftir hníf. Þá hafði verið sparkað í höfuð hans og háls. ■

**Færð þú jólagjöf frá ÓB-jólasveini?**

Jólasveinar mæta á ÓB við **Fjarðarkaup** reglulega til jóla og gefa gjafir frá Nóa Sírusi, Senu eða JPV.

Fylgstu með á Rás 2!

Allt um leikinn á ob.is

Ódyrt bensín



**JÓNÍNA BENEDIKTSDÓTTIR OG HRÓBJARTUR JÓNATANSSON** Jónína neitaði að upplýsa um innihald tölvubréfs frá Jóni Ásgeiri Jóhannessyni til Jóns Geralds Sullenberger í dómnum.



**JÓN MAGNÚSSON OG KÁRI JÓNASSON** Kári sagðist ekki hafa séð bréf frá Jóni Ásgeiri til Jóns Geralds meðal gagnanna. Jón Magnússon telur líklegast að bréfið sé ekki til.

# Tekist á um frelsi til tjáningar og einkalífs

Lögmaður Jónínu Benediktsdóttir, telur réttlætanlegt að setja tjáningarfrelsinu skorður til að vernda friðhelgi einkalífsins. Lögmaður Fréttablaðsins vísar til tjáningarfrelsis og upplýsingahlutverks fjölmiðla í máli Jónínu gegn blaðinu.

**DÓMSMÁL** Tekist var á um mörkin milli tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífsins í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Til aðalmeðferðar var mál Jónínu Benediktsdóttur gegn Kára Jónassyni, ritstjóra Fréttablaðsins, vegna birtingar blaðsins á efni sem byggt var á tölvupóstum sem Jónína hafði sent. Bæði tjáningarfrelsið og friðhelgi einkalífsins eru stjórnarskrárbundin réttindi borgara þessa lands.

Í málflutningi Hróbjarts Jónatanssonar, lögmanns Jónínu, rökstuddi hann að réttlætanlegt væri að setja tjáningarfrelsinu skorður og vitnaði í stjórnarskrána þar sem segir að tjáningarfrelsinu megi setja skorður til þess að vernda allsherjarreglu og ríkisöryggi ásamt því að vernda heilsu fólks, siðgæði og mannorð. Jónína sagði í vitnastúku gróflega hafa verið brotið á friðhelgi einkalífsins með fréttalutningi byggðum á tölvubréfunum umræddu.

Hróbjartur krefst refsingar yfir Kára, fyrir hönd Jónínu, á þeim forsendum að ritstjóri sé

ábyrgur fyrir því efni sem ekki er skilmerkilega auðkennt með höfundarnafni. Skýrar heimildir séu fyrir því að refsá mönnum fyrir að hnýsast í það sem þeim kemur ekki við án nægilegrar ástæðu.

Jón Magnússon, verjandi Kára Jónassonar, benti á að staðfestingar á innihaldi tölvubréfanna hefði verið leitað hjá þeim sem nafngreindir voru, áður en fréttir voru fluttar af málinu. Einungis það sem taldist fréttæmt í innihaldi tölvubréfanna hefði verið birt, en aðrar upplýsingar sem hefðu varðað einkahagi fólks hefðu verið látnar kyrrar.

„Það er umhugsunarefni, virðulegur dómur, hvort hægt er að halda því fram að hér sé um bréf stefnanda að ræða,“ sagði Jón meðal annars í málflutningi sínum og benti á að ekki væri augljóst hvort sendandi eða viðtakandi ætti bréfin.

Jónína Benediktsdóttir fullyrta í vitnastúku að Fréttablaðið hefði hlíft eigendum sínum með því að vitna ekki í tölvupóst

Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, ku hafa sent Jóni Gerald Sullenberger. Hvorki Kári Jónasson né Sigurjón M. Egilsson, fréttaritstjóri Fréttablaðsins, könnuðust við að þetta tölvubréf hefði tilheyrt þeim gögnum sem tekist er á um. Jónína neitaði að tjá sig um innihald þessa tölvubréfs í vitnastúku og kröfu Jón Magnússonar um að þetta tölvubréf yrði lagt fyrir dómnum var hafnað af Hróbjarti og Jónínu.

„Hvað voru bréf frá Jóni Ásgeiri til Jóns Geralds að gera í pósthólfi Jónínu Benediktsdóttur?“ spyr Jón Magnússon. „Ég sá aldrei þetta bréf. Það er með ólíkindum að einungis Jónína viti um þetta bréf. Því var augljóslega hafnað að leggja fram þetta bréf vegna þess að bréfið er ekki til. Þetta er dæla,“ bættir Jón Magnússon við.

Málið var lagt í dóm og er úrskurðar að vænta fljótlega á nýju ári.

saj@frettabladid.is

Lögfræðingur telur alvarlega vankanta á frumvarpi um starfsmannaleigur:

# Stenst varla EES-samninginn

**ATVINNUMÁL** „Fljótt á litið sýnist mér að þriðja greinin í frumvarpi ráðherrans sé til þess fallin að brjóta í bága við frjálst flæði þjónustu eins og samningurinn um evrópska efnahagsvæðið kveður á um,“ segir Eggert B. Ólafsson, lögfræðingur og fyrrverandi yfirmáður eftirlitsskrifstofu EFTA.

Þar á Eggert við frumvarp það sem Árni Magnússon, félagsmálaráðherra, hefur lagt fram á Alþingi um starfsmannaleigur en um þær hafa engin lög gilt hingad til og er frumvarpinu ætlað að bæta úr því.

Þriðja grein þess kveður á um að sérhver starfsmannaleiga sem veitir þjónustu hérlendis lengur



en tíu daga á ári skuli hafa sérstakan fulltrúa hér á landi. Þetta segir Eggert þýða aukinn kostnað fyrir starfsmannaleigurnar, geti skapað verri starfsskilyrði og þar með brotið ákvæði EES-samningsins sem kveður á um frjálst flæði þjónustu. „Þetta er skiljanlegt ákvæði en að miða við tíu daga er heldur gróft að mínu mati og stenst vart ákvæðin um frjálst flæði þjónustu.“

- aðe

**VERKAMENN Á KÁRAHNJÚKUM** Lengi hefur þess verið beðið af mörgum að lög yrðu sett á erlendar starfsmannaleigur eins og þær sem hafa séð Impreglio fyrir vinnuafli á Kárahnjúkum.

# isb.is – verðlaunavefur!



**Besti fyrirtækjavefurinn**

**Besta viðmóts- og útlitshönnunin**

Íslensku vefverðlaunin voru veitt í gær og vefur Íslandsbanka, isb.is, náði frábærum árangri. Hann var kjörinn besti fyrirtækjavefurinn og fékk líka verðlaun fyrir bestu viðmóts- og útlitshönnunina. Við erum sérlega stolt af þessum viðurkenningum, enda leggjum við mikinn metnað í að gera vefinn okkar að framúrskarandi þjónustu- og upplýsingaveitu sem nýtist viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum.



ÍSLANDBANKI | 100%



## VEISTU SVARIÐ

- 1 Hvaða embætti gegnir Karl Steinar Valsson?
- 2 Hver stjórnar Fatah-hreyfingunni?
- 3 Hver var valinn besti knattspyrnumaður Evrópu að þessu sinni?

SVÖRIN ERU Á Síðu 38

Páfagarður gefur út leiðbeiningar um prestdóm og samkynhneigða:

# Rótgrónir hommar vígist ekki

**PÁFAGARÐUR, AP** Páfagarður hefur gefið út leiðbeiningar um samkynhneigð og prestdóm þar sem fram kemur að ekki mega vígja þá sem haldnir eru rótgróinni samkynhneigð. Hins vegar má vígja þá sem ekki hafa sýnt slíkar hneigðir í þrjú ár.

Leiðbeiningarnar hafa verið í smíðum í nokkur ár og í ágúst síðastliðnum lagði Benedikt páfi XVI blessun sína yfir þær. Skjalið var svo birt opinberlega í gær en raunar höfðu ítalskir fjölmiðlar leikið efni þess fyrir nokkrum dögum.

Skjalið hefur fengið blendnar viðtökur. Íhaldsmenn segja að

með því muni „hommamenning“, sem sögð er landlæg í bandarískum prestaskólum, verða upprætt en frjálslyndari klerkar benda á að leiðbeiningarnar muni síst verða til að bæta úr brýnum skorti á prestum. Auk þess setja þeir spurningarmerki við hugtakið „rótgróin samkynhneigð“.

Séra Timothy Radcliff, fyrrverandi yfirmaður reglu Dóminíkana, segir að sjálfsagt sé átt við menn sem hafa alla tíð verið samkynhneigðir. „Þetta getur hins vegar ekki staðist því ég þekki fjölmarga frábæra presta sem eru hommar og þeir hafa afdráttarlausu köllun frá Guði.“

- shg



**BENEDIKT XVI** Hann er hlynntur nýju reglunum enda þótt ekki sé fyllilega ljóst hvað átt sé við með rótgróinni samkynhneigð.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Litháar dæmdir í fangelsi:

# Fengu þrjú ár fyrir að smygla

**DÓMSMÁL** Tveir Litháar, 55 og 27 ára, hafa verið dæmdir í þrjú ára fangelsi hvor í Héraðsdómi Austurlands.

Mennirnir smygluðu hingað tæpum fjórum kílóum af metamfetamíni sem falið hafði verið í Citroën-bifreið um borð í farþegaferjunni Norrænu. Tollverðir fundu efnið 30. júní sl. Leitarhundar urðu áhugasamir um bílinn og var hann því færður til nánari skoðunar.

Mennirnir gátu við yfirheyrslu hvorki bent á neinn hér sem þeir áttu að hitta né heldur nokkurn ytra sem skipulagði för. Eldri maðurinn sagðist hafa verið við bílannflutning.

- óká

# Opið hús hjá SVFR

## Föstudaginn 2. desember

- Sr. Pálmi Mattiasson flytur stutta jólahugvekju veiðimanna
- Veiðistaðalýsing á Svalbarðsá
- Bjarni Júlíusson formaður SVFR kynnr söluskrána og ný veiðisvæði
- Hilmar Hansson ræðir um „hitch“
- Myndagetraun
- Happahylurinn sívinsæli verður á sínum stað og er í boði Intersport

Félagar SVFR eru hvattir til mæta og taka með sér gesti. Athugið að ALLIR áhugamenn um stangveiðar eru hjartanlega velkomnir. Veitingar á vægu verði.

Skemmtinefndin



# Byggðastofnun láni á ný án fjárframlags

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra gefur fyrirmæli um að Byggðastofnun hefji útlán á ný. Ekki er gert ráð fyrir framlögum ríkisins til stofnunarinnar á þessu ári þrátt fyrir að eigið fé sé undir löglegum mörkum. Hlutverki hennar verður breytt.

**BYGGÐAMÁL** Valgerður Sværissdóttir, ráðherra byggðamála, hefur óskað eftir því við stjórn Byggðastofnunar að hún hefji útlán á ný, en stofnunin hætti útlánum í október þegar eigið fé hennar fór niður fyrir leyfileg mörk.

Starfshópur, sem fjallað hefur um framtíð Byggðastofnunar, skiladi tillögum sínum í fyrrakvöld. Þar er lögð áhersla á að stofnunin haldi áfram lánastarfsemi um leið og unnið verði að stefnumótun og samþættingu stofnana sem fást við atvinnuþróun og nýsköpun eins og Nýsköpunarsjóður og Iðntæknistofnun.

Gert er ráð fyrir að þróaðar verði nýjar leiðir til fjármögnunar í samstarfi við banka og önnur fjármálaframtækni. Í því sambandi er fremur gert ráð fyrir ábyrgðum af hálfu Byggðastofnunar fremur en beinum lánum.

Ekki er gert ráð fyrir fækkun starfa í höfuðstöðvum Byggðastofnunar á Sauðárkróki og ráðgert er að atvinnuþróunarstarfsemi á Ísafirði, Egilsstöðum og Akureyri verði efl.



**VALGERÐUR SVÆRRISDÓTTIR IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA** Tækifæri til að styrkja stoðkerfi atvinnulífs á landsbyggðinni.

Valgerður Sværissdóttir segir að hundruð milljónir króna þurfi til þess að koma eigin fé Byggðastofnunar upp fyrir tilskilin mörk.

Anna Kristín Gunnarsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar,

segir afar sérkennilegt að nú sé verið að ljúka umræðum um fjárlög og fjáráukalög og engin tillaga sé frá stjórnvöldum um framlög til Byggðastofnunar. „Þó er það fyrirséð að slík framlög verða að koma. Þessi stofnun þjónar svæðum sem hafa orðið fyrir mestum áföllum til dæmis vegna kvótakerfisins.“

Anna Kristín telur greinilegt að flytja eigi vandann fram yfir áramót til að skekkja ekki tölurnar í fjárlögum. „Þannig að unnt verði að sýna fallegri glansmynd en ella. Það gefur auga leið að það þarf aukid fjármagn til stofnunarinnar.“

Ríkisstjórnin samþykkti áður greind áform á fundi sínum í gær. Jafnframt hefur starfsmönnum Byggðastofnunar verið gerð grein fyrir stöðu mála.

„Ég lít á þetta sem tækifæri ekki síst fyrir landsbyggðina því stoðkerfi atvinnulífsins er ekki nægilega sterkt eins og það er í dag og með þessu getum við styrkt það verulega,“ segir Valgerður.

johannh@frettabladid.is

Vilhjálmur Rafnsson, ritstjóri Læknablaðsins, rekinn:

# Ný ritstjórn með hluta þeirrar gömlu

**ÚTGÁFA** Læknafélag Íslands hefur skipað nýja ritstjórn Læknablaðsins í stað bráðabirgðarritstjórnarinnar sem stýrt hefur blaðinu undanfarnar vikur. Nýja ritstjórnin kemur fyrst saman í næstu viku. Samhliða þessum breytingum hefur Vilhjálmur Rafnsson ritstjóri verið rekinn. Ábyrgðarmaður og aðalritstjóri verður Jóhannes Björnsson prófessor. Aðrir ritstjórnarverða Bryndís Benediktsdóttir heilsugæslulæknir, Engilbert Sigurðsson geðlæknir, Karl Andersen hjartalæknir og Þóra Steingrimsdóttir kvensjúkdómalæknir.

Bæði Jóhannes og Karl voru í gömlu ritstjórninni. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa þeir verið í samstarfi við Kára Stefánsson, til dæmis hafa þeir þrjár ritað saman fræðigreinar í erlend tímari.



**LÆKNABLAÐIÐ FÆR NÝJA RITSTJÓRN** Jóhann Tómasson læknir skrifaði grein um afleysingaráðningu Kára Stefánssonar, forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar, á Landspítalanum í sumar. Nú hefur Vilhjálmur Rafnsson verið látinn fjúka og ný ritstjórn skipuð með gömlum ritstjórnarméðlum.

hjálmur Rafnsson verið látinn fjúka og ný ritstjórn skipuð með gömlum ritstjórnarméðlum.



**KÁRI STEFÁNSSON** Var ósáttur við skrif Jóhanns um afleysinguna á Landspítalanum.

Sigurbjörn Sveinsson, formaður Læknafélags Íslands, er ósamála því að Vilhjálmur hafi verið rekinn og segir að ágreiningur innan ritstjórnar Læknablaðsins vegna greinar Jóhanns Tómassonar læknis hafi reynst djúpsæður og málið virst óleysanlegt. Allir ritnefndarmenn að ábyrgðarmanni undanskyldum hafi beiðist lausnar. Bráðabirgðarritstjórn hafi verið skipuð.

„Það var ákveðið að skipa ritstjórnina upp á nýtt. Niðurstaðan var sú að það yrði mest sátt innan læknasamfélagsins um þá leið sem valin var ef gamli ritstjórnin yrði ekki með,“ segir hann.

Vilhjálmur hefur óskað eftir fundargerð Læknafélagsins þar sem ákvörðunin um uppsögnina var tekin auk rökstuðnings fyrir uppsögninni. Hann hefur fengið þau svör að engin fundargerð hafi verið haldin og rökstuðningur liggja ekki fyrir. Hann hefur ekki ákveðið hvort hann aðhefst eitthvað frekar í málinu.

- ghs

# POLAR

LISTEN TO YOUR BODY

## PÚLSMÆLAR

### F4

7.590,-

verð frá 4.490,-

## ÚTILÍF

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580





# Bjóddu jólin velkomin

**Jólahátíð TM á Ingólfstorgi þann 1. desember kl. 10.00**

**Það verður nóg um að vera:**

- Jólaveinarnir kíkja í heimsókn og jólalögin verða spiluð
- Kveikt verður á risajólatrénu og dansað í kringum það
- Fyrsti glugginn í jóladagatalinu opnaður
- Allir krakkar fá galdralitabók
- Allir fá Svala og piparkökur

Við hvetjum alla káta krakka og foreldra að koma og fagna fyrsta degi jólamánaðarins. Einnig viljum við benda fólki á að mæta stundvíslega ef það á ekki að missa af neinu.

**Jólaskemmtun TM**

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / [tm@tryggingamidstodin.is](mailto:tm@tryggingamidstodin.is) / [www.tryggingamidstodin.is](http://www.tryggingamidstodin.is)





## Tékkneskur gullmoli



Tékkneska byggið er einstakt í Evrópu og oft nefnt tékkneska gullið. Það leggur grunninn að hinu kjarnmikla bragði og gullna lit sem hefur gert Budweiser Budvar að heimsfrægri gæðavöru.

Kornið sem fyllir mælinni!

**Budweiser**  
**Budvar**

LETTÖL  
UPPÁHALDSBJÓR MARGRA KYNSLÓÐA

Skjólstaðingar stjórnvalda í Moskvu sigruðu í tsjetsjensku þingkosningunum:

## Efast um lögmæti kjörfundar

**GROSNÍ, AP** Flokkur sem efla vill tengslin við yfirvöld í Moskvu vann yfirburðasigur í þingkosningunum í Tsjetsjeníu á sunnudaginn. Mannréttindasamtök bera brögður á að kosningarnar hafi verið frjálssar og óháðar.

Þegar tveir þriðju hlutar atkvæða höfðu verið taldir virtist allt stefna í að Eining Rússlands, flokkur bandamanna Vladimírs Pútín Rússlandsforseta, hefði fengið 60 prósent þingsæta. Kommúnistaflokkurinn fékk tólf prósent og frjálslyndir ellefu prósent.

Á ríkisstjórnarfundi í gær sagði Pútín ljóst að þingkosningar, sem eru þær fyrstu síðan



**INNILEGAR HAMINGJUÓSKIR** Vladimir Pútín, forseti Rússlands, óskaði Alu Alkhanov, starfsbróður sínum í Tsjetsjeníu til hamingju með kosningarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

átök blossuðu upp á ný árið 1999, hefðu fest lýðræðið enn betur í

sessi og hrósaði kjósendum fyrir einurðina.

Andreas Gross, talsmaður Evrópuráðsins í Tsjetsjeníu sagði hins vegar að „andrúmsloft ótta“ gegnsýrði allt þjóðlífið í ríkinu og því væri ómögulegt að halda þar lýðræðislegar kosningar.

Tatiana Lokshina, meðlimur í rússneskum mannréttindasamtökum kvaðst hafa heimsótt sex kjörstaði þar sem margir hefðu sagt sér að þeir hefðu eingöngu kosið vegna skipunar frá yfirvöldum. Því væri við því að búast að tók þeirra sem vilja styrkja tengslin við sambandsstjórnina í Rússlandi myndu herðast enn frekar. -shg

Sveitarfélög á Suðurlandi:

## Vilja úrbætur í samgöngum

**SAMGÖNGUR** Göng um Reynisfjall, ný Ólfusárbrú og miklar endurbætur Suðurlandsvegur eru meðal helstu ályktana aðalfundar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga sem fram



**GAMLA ÓLFUSÁRBRÚIN** Liggur í miðbæ Selfoss.

fór um síðustu helgi. S a m - g ö n g u r voru mönnum ofarlega í huga og þar þar hæst endurbætur á Suðurlandsvegi. Vegna sívaxandi umferðar sé orðið nauðsynlegt að breikka veginn á köflum. Þá er talið eðlilegt að ný Ólfusárbrú sé framar í forgangsröðinni en verið hefur auk þess sem göng undir Reynisfjalli á þjóðvegi eitt yrðu veruleg samgöngubót. Þar er einn af fáum hættulegum farartálum á öllum þjóðvegnum. - aõe



**ÁFORMUNUM MÓTMÆLT** Tveir grænfríðungar gerðu sér lítið fyrir í gær og klifruðu upp í rjáfur ráðstefnumiðstöðvarinnar í Islington í gær þar sem Blair hugðist tala. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Boða byggingu kjarnorkuvera

Breska ríkisstjórnin hyggst fjölga kjarnorkuverum í landinu til að mæta aukinni orkuþörf. Íslensk stjórnvöld fylgjast grannt með framvindu mála.

**UMHVERFISMÁL** Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, tilkynnti í gær að ríkisstjórn hans væri alvarlega að hugleiða að stórauka raforkuframleiðslu sína með vinnslu kjarnorkueldsneytis. Stjórnvöld á Íslandi fylgjast grannt með þróun mála en telja of snemmt að hafa af þessu verulegar áhyggjur.

Blair hugðist kynna nýja orkumálafundum ríkisstjórnarinnar á fundi samtaka iðnaðarins í Bretlandi í gær en nokkur töf varð á því þar sem félagar í samtökum grænfríðunga klifruðu upp í rjáfur ráðstefnusalarins og breiddu úr mótmælaborða sem á stóð: „Kjarnorka: Rangt svar.“ Ákveðið var að færa ráðstefnuna inn í lítinn hliðarsal en þar kröfðust grænfríðungarnir þess að fá að ávarpa fundinn áður en forsætisráðherra tæki til máls. Því var hins vegar hafnað og þeir færðir á brott í járnum.

„Orkuverð hefur hækkað, framboð á eldsneyti er ekki tryggt. Breytingar á loftslagi jarðar kallar á brýna þörf,“ sagði Blair í ræðu sinni á þinginu þar sem hann ræddi um breytingar á orkumálafundum stjórnarinnar. Hann tjáði fundarmönnum að næsta sumar yrði gefin út sérstök stefnuskrá í þeim málaflokki þar sem að öllum líkindum verður boðuð uppbygging nýrrar kynslóðar kjarnorkuvera.

Fimmtungur raforku Breta er framleiddur í tólf kjarnorkuverum landsins. Þau eru hins vegar komin til ára sinna og verði þau ekki endurnýjuð munu þau einungis framleiða fjögur prósent orkunnar árið 2010. Forkólfar atvinnulífsins telja að öruggt og nægt framboð raforku sé brýnasta hagsmunamálið þjóðarinnar. Hækkandi raforkuverð og auknar kröfur um takmörkun á losun gróðurhúsalofttegunda geri það að verkum að nauðsynlegt sé að



**MAGNÚS JÓHANNESSON** Íslensk stjórnvöld óttast helst að frekari uppbygging kjarnorkuvera í Bretlandi leiði af sér aukna endurvinnslu í Sellafeld.

leita nýrra orkugjafa.

Umhverfisverndarsinnar benda aftur á móti á að hættulegur kjarnorkuúrgangur falli alltaf til við slíka vinnslu sem taki tugþúsundir ára að brotna niður. Auk þess er aldrei hægt að útiloka slys í kjarnorkuverum, ekki síst á tímum vaxandi hryðjuverkahættu. Þótt möguleikinn á því sé lítill þá yrðu afleiðingarnar af slíku geigvænlegar.

Íslensk stjórnvöld hafa lengi haft áhyggjur af meðhöndlun kjarnorku á Bretlandseyjum, sérstaklega kjarnorkuendurvinnslu á borð við þá sem stundud er í Sellafeld í Englandi. Magnús Jóhannesson, ráðuneyttisstjóri í umhverfisráðuneytinu, segir þótt áfram verði grannt fylgst með framvindu mála sé ekki enn þá ástæða til að bregðast sérstaklega við þessum áformum Breta sem kynnt voru í gær. „Ef þau liggja hins vegar í að auka endurvinnsluna í Sellafeld þá myndum við að sjálfsögðu af fremsta megni leggjast gegn þeim.“ sveinng@frettabladid.is



6,6l á hverja 100 km

# ASTRA



Þú færð nýjan Opel Astra frá aðeins 1.695.000 kr. eða 19.772 kr. á mánuði.

Miðað við 20% innborgun og afganginn á 84 mánuðum.

**Ingvar Helgason**

Sævarhöfða 2, sími 525 8000, www.ih.is

Opið: Mán – fös kl. 9–18 og lau kl. 12–16

# Hagkaup

bjóða einfaldlega meira úrval



Romanescu



Guave



Young coconut



Kaktusfikjur



Limequats



Villisveppir



Passion



Dverg aspars



Laos galangarót



Ferskar fikjur



Granatepli



Curuba



Ferskur pipar



Maracuya



Durian



Zucciniblóm



Feijoa



Jack fruit



Grenadilla



Dragon

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



**JARÐSKJÁLFTI VIÐ PERSAFLÓA** Leitað er að heillegum hlutum í rústum húsa í þorpinu Zirang eftir að 5,9 stiga jarðskjálfti skóð frönsku eyjuna Qeshm í Persaflóa. Tíu létust og sjöttíu slösuðust.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mál leigubílstjóra sem skorinn var á háls í Vesturbænum aftur fyrir dómi:

## Endurnýjuð trú á réttarkerfið

**DÓMSMÁL** Aðalmeðferð í máli leigubílstjóra, sem ráðist var á og hann skorinn á háls aðfaranótt þriðjuddagsins 27. júlí í fyrra, hófst í gærmorgun með vettvangskonunum í Vesturbæ Reykjavíkur þar sem árásin átti sér stað.

Maðurinn sem sakaður er um árásina var sýknaður í Héraðsdómi Reykjavíkur í lok febrúar á þessu ári, en í byrjun október ógilti Hæstiréttur þann dóm og vísaði málinu á ný heim í hérað til aðalmeðferðar og dómsálagningar. Taldi Hæstiréttur ekki annmarka á rannsókn lögreglu í málinu, líkt og Héraðsdómur auk þess sem dómurinn hefði átt að kanna frekar ákveðna þætti sem

fram komu í málinu. Í leigubílnum voru fjórir menn og átti túrinn að kosta tæpar 2.000 krónur.

Ásgeir Eliasson, leigubílstjórinn sem fyrir árásinni varð, fagnaði þá ákvörðun Hæstaréttar og kvaðst hafa fengið endurnýjaða trú á réttarkerfið. Hann segist enn vera að fóta sig eftir árásina, en slapp þó ótrúlega vel. Skurðurinn sem hann fékk í árásinni var sextán sentímetra langur og sauma þurfti í hann 56 spor.

Mennirnir sem voru í leigubílnum eru allir fæddir á árunum 1947 til 1956, hafa komið við sögu lögreglu og voru undir áhrifum vímuefna.

- óká



**HNÍFUR** Vopnið sem notað var við árásina á leigubílstjóran kom ekki fram við rannsókn lögreglu á málinu.

Deilt um fóstureyðingar:

## Fóstrin sögð lifa aðgerðina

**BRETLAND** Breska blaðið Daily Mail greindi frá því í vikunni að á Bretlandi sé talið að árlega lifi um fimmtíu fóstur af þegar reynt er að eyða þeim. Sum eru sögð lifa jafnvel fleiri en eina aðgerð.

Um er að ræða fóstureyðingar sem gerðar eru þegar meira en fimm mánuðir eru liðnir af meðgöngunni. Hingað til hefur verið talið að aðeins um einstök tilfelli á ári hverju hafi verið að ræða en þessar tölur gefa til kynna að vandamálið sé mun útbreiddara.

Líklegt er að umræðan um fóstureyðingar nái nýjum hæðum með þessum fréttum enda eru þær umdeildar. ■

## Fékk fimm mánaða fangelsi: Kókaínsmyglari svikinn

**DÓMSMÁL** Karlmaður um þrítugt var dæmdur í fimm mánaða fangelsi fyrir fíkniefnasmygl í Héraðsdómi Reykjaness í gær.

Maðurinn faldi innvortis 140 grömm af efni sem hann taldi vera kókaín og var gripinn með það í Leifsstöð í nóvember í fyrra við komuna til landsins frá Amsterdam í Hollandi.

Maðurinn játaði innflutninginn greiðlega, en við greiningu efnanna kom í ljós að einungis 60 grömm voru kókaín en 80 grömm reyndust vera staðeyfilyf. Var hann því svikinn af seljendum efnisins ytra.

Málið sótti, fyrir hönd sýslumannsins á Keflavíkurlflugvelli, Eyjólfur Ágúst Kristjánsson, en málið dæmdi Guðmundur L. Jóhannesson héraðsdómari.

- óká

Framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja:

## Herinn vill kaupa þjónustu

**VARNARLIÐIÐ** Fulltrúar bandaríska hersins og herspítalans á Keflavíkurlflugvelli hafa frá því í sumar margsinnis komið að máli við ráðamenn Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja til að kynna sér aðstöðu og kanna hvaða heilbrigðisþjónustu mætti kaupa af henni.

Þetta segir Sigríður Snæbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að viðræður stæðu yfir milli fulltrúa varnarliðsins á Keflavíkurlflugvelli annars vegar og Landspítala - háskólasjúkrahúss hins vegar um að spítalinn taki að sér aukna sjúkraþjónustu fyrir varnarliðsmenn þar sem leggja eigi herspítalann á Vellinum niður sem slíkan.

„Ástæðan fyrir því að þeir eru að leita eftir þjónustu er fyrst og



**VARNARLIÐIÐ** Vill kaupa heilbrigðisþjónustu af Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

fremst sú að þegar flugherinn tekur við af sjóhernum á næsta ári mun sjúkrahús þeirra loka því að bandaríski flugherinn rekur almennt ekki sjúkrahús í Evrópu.“

segir Sigríður. „Heilsugæsla mun áfram verða veitt á Vellinum. Á undanförmum vikum hafa sérfræðingar varnarliðsins komið hingað á HSS og hitt lækna og annað starfsfólk til að kynna sér starfsemina. Þeir hafa lagt fram beiðni um að HSS veiti meðal annars alla lyflækniþjónustu, almenna skurðlækniþjónustu, kvensjúkdómaþjónustu, almenna bráðaþjónustu og veiti ráðgjöf í lyflækningum og barnalækningum. En þar sem HSS býður ekki upp á fullkomnar vaktir á skurðstofu alla daga ársins vildu þeir ekki að fæðingþjónustu yrði beint til okkar. Nú á fimmtudaginn er von á yfirlækni ameríska flughersins í Evrópu ásamt fleiri fulltrúum hersins til að skoða aðstöðu og hitta starfsfólk á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.“ - jss

Shimon Peres:

## Sagður ætla í flokk Sharons

**JERÚSALEM, AP** Talið er nánast öruggt að Shimon Peres, fyrrverandi leiðtogi ísraelska Verkamannaflokksins, muni tilkynna í dag að hann hyggist ganga til liðs við nýstofnaðan flokk Ariels Sharons forsætisráðherra.

Peres kvaðst myndu skýra frá ákvörðun sinni í kvöld þegar fréttamenn ræddu við hann í Barcelona í gær. Hann fór svo hlýjum orðum um Sharon og sagði sóknarfæri stjórnmalanna liggja þar.

Sögusagnirnar fengu byr undir báða vængi í gær þegar Dalia Itzik, einn nánasti samstarfsmaður Peres, yfirgaf Verkamannaflokkinn. ■



SHIMON PERES

**15% afsláttur af öllum úlpum til jóla.**

www.66north.is

Klæddu þig vel

66° NORDUR

REYKJAVÍK: Kringlan - Smáralind - Bankastræti 5 - Faxafen 12 GARDABÆR: Miðhraun 11 - AKUREYRI: Glerárgata 32

# MEST SELDU BÆKUR VERALDAR!



1. prentun uppsela  
2. prentun komin

## Væntanleg um allan heim!

„...skilar lesanda **vel unninni** og **hugaðri glæpasögu**.“

— Páll Baldvin Baldvinsson, DV

„**Fersk rödd** ... **Hröð** atburðarás og **hressilegur stíll**.“

— Katrín Jakobsdóttir, gagnrýnandi

„Eitthvað **alveg sérstakt**“

— Suzie Doore, útgáfustjóri  
Hodder og Staughton í Bretlandi

„Allt er þetta **vel gert** ...“


— Halldór Guðmundsson, Fréttablaðinu

„Fléttan er **spennandi** ...“

— Jón Yngvi Jóhannsson, Kastljósi

„... **snjöll** sakamálasaga ... Þóra reynist **heillandi** sögumiðja, ráðgátan er flókin en **afskaplega vel sett saman** ...“

— Björn Þór Vilhjálmsson, Morgunblaðinu



1. prentun uppsela  
2. prentun komin

## Heillandi ævisaga!

„... **lífleg og fróðleg** frásögn ...  
ætti að bæta margan manninn.“

— Sigríður Albertsdóttir, DV

„**Skyldulesning**.“

— Hemmi Gunn, Íslandi í bítið.



## Örn Clausen fer á kostum!

Örn Clausen, hæstaréttarlögmaður og fyrrum frjálsíþróttakappi, segir í þessari **bráðskemmtilegu** bók sögur af ýmsum samferðamönnum, allt frá rónum upp í ráðherra - en að auki koma æðri máttarvöld við sögu.

Eyrún Ingadóttir tók saman.



  
Veröld  
BÓKAFORLAG

BRÆÐRABORGARSTÍG 9, SÍMI 414 1450  
www.verold.is • verold@verold.is

## „ORÐRÉTT“

Sannkallaður klettur „Sá steinn er vandfundinn sem af einlægri stendur jafn fast og örugglega og sjálfur Hólmsteinninn.“

Fríðbjörn Orri Ketilsson, framkvæmdastjóri Frjálsbyggjufélagsins, í grein í Morgunblaðinu um Hannes Hólmstein Gissurarson.

## Ómerkilegur gaur

„Ég held að það hafi ekki verið hugmynd hans að finna hina einu réttu, alls ekki.“

Aldis Búadóttir, móðir Írisar Eddu Heimisdóttur sem tók þátt í Íslenska Bachelornum en afþakkaði rós. DV.

HVAD ER AÐ FRÉTTA? DRÍFA KRISTJÁNSDÓTTIR, FORSTÖÐUMAÐUR Á MEÐFERÐARHEIMILINU Á TORFASTÖÐUM

## Blómlegur hrossabúskapur

„Ég er nú bara að temja hross og njóta góða veðursins í sveitinni,“ segir Drífa Kristjánsdóttir, hrossabóndi og forstöðumaður meðferðarheimilisins á Torfastöðum í Biskupstungnahreppi. „Við erum með um 40 hross og erum að byggja hesthús undir þau. Það er riða á næsta bæ og við urðum að skera allt fé sem við vorum með. Við ákváðum því að breyta fjárhúsunum í lúxushesthús og því verkefni er að ljúka. Það er mikil spenna sem því fylgir og við erum að hamast við að klára að byggja hesthúsið, hálfgerð þrækunarvinna á okkur.“ Starfsemi meðferðarheimilisins á Torfastöðum liggur niðri þessa dagana, en Drífa og eiginmaður hennar, Ólafur Einarsson, sögðu upp samningi við ríkið um rekstur þess fyrir nokkru. Meðferðarheimilið var stofnað fyrir tuttugu og fimm árum og þegar Drífa er spurð hvort að þau hjónin ætli að byrja aftur með starfsemi meðferðarheimilisins segir hún það ekki vera á döfinni þessa dagana. „Núna er það bara hrossabúskapurinn,“ segir hún.

Þegar Drífa er spurð hvort eitthvað sérstakt sé framundan í tilefni jóla segir hún að Skálholtskór, sem hún er meðlimur í, sé í ströngum æfingum fyrir jólatónleika sem kórinn ætlar að halda 10. desember næstkomandi.

Á jólnum koma margar fjölskyldur saman og eiga góða stund. Drífa segir að hennar fjölskylda haldi jólin alltaf hátíðlega, þegar hún er spurð um hefðir þar á bæ. „Það nú aðallega samvera með fjölskyldunni og að njóta þess að fá alla heim um jólin og borða rjúpur. Við fengum engar rjúpur í fyrra, en við erum mikið rjúpnafólk og allir hlakka til að borða þær í ár.“



nær og fjær  
tilveran



FETAB Í FÓTSFOR FORFÖÐUR Albert fursti II af Mónakó ætlar að fara fyrir leiðangri manna á norðurljólini í apríl á næsta ári en þá verða hundráð ár síðan langlangafi hans, Albert I, fór á pólinn. Albert II greindir frá áformum sínum á blaðamannafundi á mánudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Námismenn utan af landi annist og gæti eldri borgara í Reykjavík

Steingrímur Sigurjónsson, byggingafræðingur, húsa-smíðameistari og hópferðabílstjóri, leggur til að komið verði á fót þjónustuskiptum milli námsmanna utan af landi og eldri borgara í Reykjavík. Námismennirnir fái að búa hjá eldri borgurum og annist í stað innkaup og annað smálegt auk þess að gæta þeirra og híbýlanna.

„Eldra fólk á að fá að vera heima hjá sér eins lengi og hægt er,“ segir Steingrímur Sigurjónsson sem þekkir þjónustuskipti eldri borgara og námsmanna af eigin raun. Þegar hann var við nám í Kaupmannahöfn árið 1972 bjó hann hjá hinni þekktu leikkonu Clóru Pontoppidan sem þá var níræð. „Clara treysti mér fyrir sínu lífi, sínum eignum og sínu húsi. Slíkt traust er nauðsynlegt,“ segir Steingrímur. Clara auglýsti eftir húshjálpi og bauð í staðinn húsnæði og Steingrímur, sem einmitt var í húsnæðisleit þáði vistin. Nú, 33 árum síðar, vill hann

innleiða slíkt þjónustuskiptakerfi á Íslandi; eldri borgurum jafnt sem auralitlum námsmönnum af landsbyggðinni til hagsbóta.

Steingrímur sér fyrir sér að gegn fríu húsnæði annist námsmennirnir innkaup og vinni léttari verk. Að auki þurfi þeir að gæta að líðan eldri borgarans og passa upp á íbúð hans og aðrar eigur. Kerfið sé tilvalið, ekki síst í ljósi þess að margir eldri borgarar eigi rúmgóðar íbúðir með lausum herbergjum.

„Ég hef rætt þetta við Félagsþjónustuna í Reykjavík og þar var hugmyndinni tekið vel,“ segir Steingrímur og bætir við að milli-ganga sveitarfélaga sé forsenda verkefnisins. „Það verður að taka afstöðu til umsækjandans og svo þyrfti að vera nefnd til að skera úr um eða jafna ágreining.“ Steingrímur segir að helst þyrftu námsmennirnir að vera með hreint sakavottorð. Og sjálfur er hann reiðubúinn að stýra verkinu ef af verður. „Ég myndi gera það ef ég yrði beðinn um það. Ég hef náttúrulega góða reynslu síðan í Danmörku hér um árið,“ segir hann.

Bros færast yfir andlit Steingríms þegar hann hugsar til Clóru Pontoppidan og ársins góða í Höfn.



STEINGRÍMUR SIGURJÓNSSON Ætlar sjálfur að hýsa námsmann utan af landi þegar hann kemst á efri ár, að því gefnu að hann hafi til þess húsnæði. „Í því er fylgið mikið öryggi, til dæmis ef ég myndi detta eða eitthvað slíkt.“

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

„Milli okkar var mjög gott samband og henni fannst mikið öryggi af mér. Í níræðisafmælinu sínu kynnti hún mig meira að segja sem varðhundinn sinn en það var vegna þess að ég passaði húsið líka að næturlagi.“ Steingrímur rifjar upp að leikkonan aldna hafi grátið þegar hann fluttist frá henni. Slíkir voru kærleikarnir.

Og byggingafræðingurinn, húsa-smíðameistarinn og hóp-

ferðabílstjórinn hugmyndaríki þarf ekki að hugsa sig tvisvar um þegar hann er spurður hvort hann gæti hugsað sér að hafa námsmann utan af landi á heimili sínu þegar hann sjálfan tekur að reskjust. „Engin spurning, ég myndi hýsa ungling ef ég hefði til þess húsnæði. Í því er fylgið mikið öryggi, til dæmis ef ég myndi detta eða eitthvað slíkt.“

bjorn@frettabladid.is

# DV

Tölvupóstsmálið í héraðsdómi

Jónína grét í dómsal

Buguð kona, segir ritstjóri Fréttablaðsins

Þeirir þegar aðrir þegja!



HÚSAVÍK Fallett er um að litast í bænum við Skjálfanda. Bærinn er talinn draga nafn sitt af þeirri staðreynd að Garðar Svavarsson reisti sér hús í vikinni forðum daga.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bóksalan í Bókaverslun Stefáns Þórarinssonar:

## Fer rólega af stað

„Það eru helst bókasöfnin sem hafa keypt bækur, almenningur er ekki enn farinn af stað,“ segir Sigurður Friðriksson, kaupmaður í Bókaverslun Stefáns Þórarinssonar á Húsavík og býst ekki við að fólk fari að kaupa bækur að ráði fyrr en líða tekur á desember.

Þó má sjá hvert stefnir. „Fólk er spennat fyrir Íslandsatlasinum þótt hann sé dýr,“ segir Sigurður. Bókin kostar tæpar tuttugu



þúsund krónur en er nú á tilboði. „Svo hefur fólk áhuga á Auði Eir og barnabókinni Hænur eru hermíkrákur,“ segir hann.

Húsvíkingar eru í takti við það sem gerist í bóksölu annars staðar því bókin um Auði Eir og Íslandsatlasinn eru í þriðja og fjórða sæti á metsölulista Pennans og Hænur og hermíkrákur er í öðru sæti á barnabókalistanum, á eftir Harry Potter. ■

Könnun á vef Útvarps Sögu:

## 65 prósent vilja Gústaf í loftið

Meirihluti þátttakenda í nýlegri skoðanakönnun á vef útvarpsstöðvarinnar Útvarps Sögu vill að Gústaf A. Nielsson hefji störf á stöðinni á nýjan leik. Spurt var: Vilt þú hafa Gústaf Nielsson sem þáttastjórnanda áfram á Útvarpi Sögu? 178 greiddu atkvæði og sögðu 115 eða 65,6 prósent já en 63 eða 35,4 prósent nei.

Óhætt er að segja að gustað hafi af Gústaf í útvarpinu; hann var óhræddur við að segja sína skoðun á mönnum og málefnum þó oft færi hún í bága við álit meirihlutans. Fyrir nokkru gekk Gústaf á dyr en litlum sögum fer af ástæðum þess.

Gústaf reyndi fyrir sér í pólitíkinni á dögum, tók þátt í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor en náði ekki tilætluðum árangri. ■



GÚSTAF NIELSSON Hlustendur Útvarps Sögu vilja hann í loftið á ný.

MIKIÐ ÚRVAL JÓLAGJAFNA

# SÚPERBYGG


Úrval jólagjafa fyrir framkvæmdafólk og iðnaðarmenn. Handverkfæri og rafmagnsverkfæri. Sjón er sögu ríkari

Súperbygg, þar sem þú færð meira fyrir minna.

allt að **50%** ódýrari

ÖRBYLGJUOFN FRESIA 19L

Verð 5.790 kr.



2.490 kr.

LOFT-VERKFÆRASETT



1.240 kr.

VINNUBORD SAMFELLAN-LEGT



1.950 kr.

HNÍFASETT Í STANDI 5 STK



Verð frá 2.690 kr.

STINGSÖG PROFI 710W



2.390 kr.

RAFMAGNS-HEFILL 600W



21.900 kr.

RAFSUÐUVÉL CO-2 FYRIR FYLLTAN VÍR



11.990 kr.

BÚTSÖG Á SLEÐA



26.450 kr.

METABO BSZ 14,4 3ah Imp. hleðsl.



950 kr.

VERKFÆRA-KASSI TITAN



6.990 kr.

BÚTSÖG 1100W



18.990 kr.

DEWALT SDS PLUS BORHAMAR 600W



13.490 kr.

BÚTSÖG F. JÁRN



2.790 kr.

SDS BORA OG FLEIGASETT



5.890 kr.

MANNESMANN HLEÐSLUVÉL 18V 2 RAFHL.



1490 kr.

JUÐARI MULTI



3.590 kr.

SMERGEL 150MM 250W



16.990 kr.

AFRÉTTARI Á BORD



29.850 kr.

BYSSUSKÁPUR 7 BYSSUR



1.690 kr.

TERMOUNDIRFÖT BUXUR OG BOLUR



Verð frá 1.890 kr.

TOPPLYKLASETT GOTT ÚRVAL FRÁBÆRT VERÐ



2.450 kr.

MANNESMANN HÖGGBORVÉL 600W



4.990 kr.

HJÓLSÖG 185 M/LEISER



14.890 kr.

SILVER STORM HJÓLSÖG 1600W



4900 kr.

KULDAGALLAR STÆRDIR s, m, l, xl, xxl, xxxl



4.590 kr.

LUGT FYRIR KERTI HÆÐ 87 CM



10.990 kr.

DEWALT 907 K2 12v 2 RAFHLÖÐUR



10.890 kr.

SLÍPIROKKUR DEWALT 125MM




Verð frá 1.190 kr.

ÚTILJÓS



5.490 kr.

SVERÐSÖG POWER SUPER 850W



1.990 kr.

VERKFÆRASETT BARNA

Opið mán-fös 8-18 og lau 10-15

Bæjarhaun 8 Hafnarfjörður  
Sími: 414-6080




SÚPERBYGG  
- meira fyrir minna



## Svona erum við

> Meðalhiti í desember 2004 á nokkrum stöðum.



Heimild: Hagstofa Íslands.

## baksvið

fréttir og fróðleikur

## FBL-GREINING: AUNG SAN SUU KYI

## Friðardúfan sem foringjarnir óttast

Herforingjastjórnin í Mjanmar tilkynnti í fyrradag að stofufangelsisvist friðarverðlaunahafans Aung San Suu Kyi yrði framlengd um óákveðinn tíma en talið er að í það minnsta eitt ár líði þar til Suu Kyi fái frelsi sitt á ný. Þessi sextuga kona hefur eytt tíu af síðustu sextán árum í einangrun.

## Hvers vegna var hún hneppt í varðhald?

Árið 1988 hrífsaði her landsins til sín völdin eftir mikla ólgu í samfélaginu og í kjölfarið stofnaði Suu Kyi ásamt félögum sínum svonefnda Lýðræðisfylkingu. Skömmu síðar var hún hneppt í varðhald en það kom ekki í veg fyrir að flokkur hennar vann yfirburðisigur í kosningunum árið 1990. Herforingjastjórnin ógilti hins vegar kosningaúrslitin. Þessi gerningur, svo og varðhaldið yfir Suu Kyi, vakti reiði bæði innan og utan Mjanmar



og athyglin sem málið fékk gerði sitt til að hún fékk friðarverðlaun Nóbels árið 1991. Sú upphæfð varð þó ekki til að bæta hag Suu Kyi því hún sat í stofufangelsi til ársins 1995 og frá árinu 2000 hefur hún lítið sem ekkert frelsi haft.

## Hverja fær hún að hitta?

Nánast engan. Eiginmaður hennar lést í Lundúnum árið 1999 en hvorki hann fékk fararleyfi til Mjanmar né Suu Kyi brottfararleyfi. Börn þeirra búa í Englandi og hafa ekki séð móður sína í mörg ár. Félagar hennar í Lýðræðisfylkingunni hittu hana síðast í maí á síðasta ári en síðan þá hefur hún engan hitt nema eldabúsku sína og dóttur hennar.

## Segir enginn neitt?

Bandarísk stjórnvöld gagnrýnda ákvörðun herforingjastjórnarinnar í fyrradag, svo og Kofi Annan, framkvæmdastjóri SP og Amnesty International auk fjölda annarra.

## SPURT &amp; SVARÐ

## SVIFRYK

## Ekki bráð-drepanði

Mikil rykmengun hefur mælst í Reykjavík undanfarna daga með tilheyrandi svifryki. Lúðvík Gústafsson, hjá mengunarsviði Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar, segir mengun ekki oft fara yfir hættumörk.



LÚÐVÍK GÚSTAFSSON Umhverfissviði Reykjavíkurborgar.

## Hvaða efni eru í svifryki?

Fyrst og fremst er það uppspænt malbik, steinar, tjara og grjót sem er notað í malbiksgæði. Einnig er í rykinu jarðvegsagnir og salt.

## Hefur mengunin oft farið yfir hættumörk?

Nei, það hefur ekki oft gerst. Samkvæmt reglugerð má styrkur svifryks vera yfir umhverfismörkum allt að 35 daga á ári. Ársgildin hafa verið rétt undir þeirri tölu.

Er hættulegt að ganga meðfram helstu umferðaræðum borgarinnar þegar mengunin er mikil? Það er ekki gott að anda svona ryki að sér, sérstaklega ef menn eru að hjóla eða skokka, og anda þar af leiðandi hraðar. Fyrir fullfríska einstaklinga er það óhætt í eitt til tvö skipti, en börn og fólk sem er veikt fyrir í öndunarferum ætti ekki að ganga nálægt götumum.

## Þúsundasta aftakan vekur umræður í Bandaríkjunum

Reiknað er með að í dag fari fram eitt þúsundasta aftakan í Bandaríkjunum frá því þær voru aftur teknar upp þar eftir tíu ára hlé árið 1977.

„Drifum í þessu.“ Með þessum hinztu orðum (á frummálinu: „Let's do it“) dæmda morðingjans Gary Gilmore hófst nýtt skeið í réttarfarsögu Bandaríkjanna; nýtt skeið dauðarefsinga. Bandaríkjamenn fylgdust með af áhuga er Gilmore var leiddur fyrir aftökusveit í Utah fyrir 28 árum. Gilmore hlaut reyndar fádæma frægð, um hann voru samin rokkklög og sjónvarpsþættir. Norman Mailer skrifaði skáldsöguna „Söngur böðulsins“ á grundvelli ævihlaups Gilmores, en sjónvarpsþáttasería var gerð eftir bókinni árið 1982 sem síðar var gefin út sem bíómynd.

Nú þykja aftökur hins vegar svo hversdagslegar fréttir vestra að það eru fáir sem kannast við nafn eins einasta af þeim 3.400 föngum sem bíða aftöku í bandarískum fangelsum. Af þessum 3.400 dauðadæmdu föngum eru 118 erlendir ríkisborgarar.



DAUÐAREFSINGUM MÓTMÆLT Andstæðingar dauðarefsinga mótmæla í Connecticut í lok maí í vor, þegar fyrsta aftakan í því ríki í 40 ár stóð fyrir dyrum. Langflestir Bandaríkjamenn styðja dauðarefsingar.

NORDICPHOTOS/AFP

Robin Lovitt heitir sá fangi sem væntanlega mun njóta þess vafasama heiðurs að vera þúsundasti maðurinn sem tekinn er af lífi frá því ákveðið var í flestum ríkjum Bandaríkjanna árið 1976 að taka upp dauðarefsingar á ný. Það var gert í kjölfar dóms Hæstaréttar Bandaríkjanna sem staðfesti gildi laga sem kváðu á um þar að lútandi breytingu á ákvæðum um þyngstu refsingu í bandaríska réttarkerfinu.

Lovitt var dæmdur fyrir að stinga mann til bana með skærum í leikjalsalarráni í Virginíuríki árið 1998. DNA-próf á sýni af morðvopninu leiddi ekki til ótvíræðrar niðurstöðu og í millitíðinni hefur skærunum verið hent, að sögn vegna skorts á geymsluplássi. Í október síðastliðnum vísaði Hæstiréttur því á bug að málið skyldi tekið upp aftur. Einn verjenda Lovitts, Kenneth Starr – sá sem fór fyrir sakarannsókninni á hendur Bill Clinton þáverandi Bandaríkjaforseta – tjáði AP að þótt hann stýddi almennt dauðarefsingar ætti hún að hans mati ekki við í máli Lovitts. Fyrir því væru ýmsar ástæður að sögn Starrs, en þyngst vægi að búið væri að eyða eina DNA-sönnunargagninu.


## Aftökur á tíu daga fresti

Ólíkt máli Lovitts var mál Gilmores á allra vörum á sínum tíma og var um það fjallað í helztu fjölmiðlum heims.

Á þeim 28 árum sem liðin eru frá fullnægingu dauðadómsins yfir Gilmore hafa aftökur farið fram vestra á tíu daga fresti að meðaltali. Nokkur ríki Bandaríkjanna – einkum og sér í lagi Texas, Virginía og Oklahoma – hafa skapað sér orðstír fyrir skilvirkni við framfylgd dauðadóma. Í tólf af fimmtíu ríkjum Bandaríkjanna eru dauðarefsingar ekki við lýði.

Næstir á undan Lovitt til að vera teknir af lífi voru Eric Nance á mánudag, en hún fór fram í Arkansas, og John Hicks, sem fékk banvæna sprautu í fangelsi í Ohio í gær.

Á síðustu þremur áratugum hafa alls 122 dauðadæmdir fangar



JOHN HICKS Tekinn af lífi í Arkansas í gær, sá 999. í Bandaríkjunum frá árinu 1977. MYND/AP

ROBIN LOVITT Áformuð aftaka hans í Ohio í dag er Bandaríkjunum frá sá 1000. síðan þær hófust á ný vestra. MYND/AP

fengið dóminn mildaðan eða verið sýknaðir. Langflest þessara mála hafa komið upp á síðustu 15 árum, eða eftir að DNA-prófanir urðu útbreiddar. Þessi staðreynd hefur ýtt undir efasemdir um réttlæti dauðarefsingakerfisins.

Umræðan um dauðarefsingar vestra snerist áður fyrr að mestu um fælingarmátt þeirra, það er, hvort þær fældu menn frá því að fremja glæpi sem slík refsing lægi við. Nú snýst umræðan fyrst og fremst um það hvort yfirvöldum sé treystandi til að ganga úr skugga um að þau taki ekki af lífi saklausan mann.

„Í réttarkerfi okkar eru gerð mistök. Viðurkenni maður þetta þýðir það að maður verði að vera búinn undir að það komi óhjákvæmilega til þess að einhverjir séu dæmdir til dauða fyrir glæpi sem þeir frömdu ekki,“ hefur AP eftir Thomas Hill, lögmanni í Washington D.C. sem er verjandi dauðadæmdu manns í Ohio. „Munurinn á dauðarefsingu og ævilöngu fangelsi er að sannist síðar að réttarmorð hafi átt sér stað er hægt að bæta úr mistökunum að hluta með því að láta fangann lausan,“ segir Hill.

En fylgjendur dauðarefsingar segja að andstæðingar þeirra séu ríkt, frjálslýnt menntafólk sem láti hin raunverulegu fórnarlömb liggja óbætt hjá garði með því að beina sjónum svo mjög að þeim dauðadæmdu.

„Frá því árið 1999 hafa 100.000 saklausir borgarar verið myrt-

ir í Bandaríkjunum, en enginn sinnir því að minnst þeirra,“ hefur AP eftir Michael Paranzino, framkvæmdastjóra samtakanna Throw Away the Key sem styðja dauðarefsingar.

## Öruggur meirihluti styður dauðarefsingar

Samkvæmt niðurstöðum Gallup-könnunar sem gerð var vestra í október hefur stuðningur meðal Bandaríkjamanna við dauðarefsingar ekki mælt minni í 27 ár. En það er samt yfirgæfandi meirihluti sem styður þær. 64 prósent aðspurðra segjast nú styðja þær.

Þúsundasta aftakan hefur orðið tilefni nýrra umræðna í Bandaríkjunum um rökni með og á móti dauðarefsingum. Í tveimur ríkjum – Illinois og New Jersey – er í gildi tímabundin frestun á fullnægingu allra dauðadóma, og stjórnskipaðar nefndir í Kaliforníu og Norður-Karolínu eru að skoða framkvæmdina í þessum ríkjum, að því er Upplýsingamiðstöð um dauðarefsingar, félagsamtök með höfuðstöðvar í Washington, upplýsir.

Þegar nánar er að gáð kemur í ljós að um helmingi færri dauðadómur eru nú kveðnir upp árglega vestra en á meðalári á tíunda áratugnum. Aftökum hefur fækkað um 40 af hundraði frá því árið 1999. En áhrifamiklir aðilar þrýsta nú á að ferlinu við uppkvaðningu og fullnægingu dauðadóma verði hraðað. Í báðum deildum Bandaríkjaþings eru lagafrumvörp til skoðunar sem myndu draga úr möguleikum dauðadóms-sakborninga til að áfrýja til alríkisdómstóla.

Formælendur frumvarpanna segja að slíkar áfrýjanir teji fullnægingu dauðadóma um allt að 15 ár. Andmælendur – þar á meðal bandaríska lögmannafélagið – segja að verði þetta að lögum geti alríkisdómstólar ekki fjallað um flest slík mál og réttarmorðum óhjákvæmilega fjölgi.



FRÉTTASKÝRING  
AUÐUNN ARNÓRSSON  
audunn@frettabladid.is

## KARLAR UM BORD

Ráðstefna karla um jafnrétti  
1. desember í Salnum,  
Kópavogi

Á ráðstefnunni verður staða karla í íslensku samfélagi rædd og reifuð af bæði sérfræðingum og leikmönnum.  
EINUNGIS KÖRLUM ER HEIMIL ÞÁTTAKA.



## DAGSKRÁ

- 09.15–09.20 Ráðstefnan sett. Árni Magnússon, félagsmálaráðherra  
09.20–09.30 Ávarp. Frú Vigdís Finnbogadóttir  
09.30–10.17 Framsóguerindi
- Atvinnulífið græðir á jafnrétti Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins
  - Jafnrétti á fjármálamarkaði Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka
  - Jafnrétti er allra hagur Gunnar Páll Pálsson, formaður Verslunarmannafélags Reykjavíkur
  - Á hverfanda hveli Ingólfur V. Gíslason, sviðsstjóri hjá Jafnréttisstofu
  - Láta karlar verkin tala? Ólafur Stephensen, aðstoðarráttgjafi Morgunblaðsins
  - Veldur menntun misrétti? Runólfur Ágústsson, rektor Viðskiptaháskólans á Bifröst
- 10.18–10.38 Kaffihlé  
10.40–11.00 Þráinn Bertelsson, rithöfundur  
11.00–11.51 Tvær pallborðsumræður undir stjórn Egils Helgasonar sjónvarpsmanns
- Ungir karlar úr stjórnmálaflokkunum
  - Reynsluboltar
- 11.51–11.59 Ráðstefnuslút. Árni Magnússon  
Ráðstefnustjóri Þórhallur Gunnarsson, sjónvarpsmaður



FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ





CITROËN

# Betra verð en Peugeot. Kauptu Citroën á jólátíloði Brimborgar

Jólátíloð Brimborgar

Jólin nálgast  
Kynntu þér greiðslukjörin  
Komdu í Brimborg  
Veldu franska hönnun  
eins og hún gerist best



Bestu kaupin í dag.  
Sjálfskiptur 2,0i 143 hestafli Citroën C5.  
Jólaverð 2.190.000 kr.

► Nú er gott að kaupa Citroën. Tvöfalt tilboð - bæði jólátíloð og afmælistilboð. Láttu sjá þig á Citroën. Við hjálpum þér að eignast nýjan og öruggan bíl fyrir jól.

Berðu saman frönsk gæði. Berðu saman Citroën og Peugeot. Berðu saman verð, búnað og gæði. Veldu franska hönnun eins og hún gerist best.

Komdu í Brimborg - við bjóðum þér betra verð en Peugeot\*. Við staðgreiðum gamla bílinn þinn.\*\* Tilboðin gilda aðeins til 16. desember.

## Besta tilboð á Citroën

Jólin að koma. Lækkað verð. Mikill afsláttur. Lítil útborgun. Lægri mánaðargreiðslur. Við erum í jólaskapi. Við staðgreiðum einnig gamla bílinn þinn.\*\* Takmarkað magn til á jólátíloði Citroën. Komdu núna.

Við erum bæði í góðu afmælis- og jólaskapi. Komdu í fimm ára afmæli Citroën á Íslandi. Veldu Citroën á frábæru verði og þú færð verðmæta afmælisgjöf. Skoðu greiðslukjörin. Veldu franska hönnun eins og hún gerist best. Láttu sjá þig á nýjum Citroën yfir jólahátíðina.



## Tugþúsunda afmælisgjöf

Þú færð tugþúsundir í afmælisgjöf veljir þú nýjan Citroën - sumardekkinn í skottið og vetrardekkinn undir bílinn án aukakostnaðar. Við erum í afmælissskapi þessa dagana: 5 ár frá því Brimborg hóf sölu á Citroën. Komdu í Brimborg.

LÝSING

Lýsing býður viðskiptavinum Brimborgar betri kjör í tilefni 5 ára afmælis Citroën á Íslandi

## Brimborg staðgreiðir gamla bílinn þinn.\*\* Auðveldara getur það ekki verið.

Berðu saman bíla. Kynntu þér verð og gæði. Komdu núna í Brimborg.



■ C3 SX 5 gíra 1,4i 75 hö\*  
Jólaverð 1.319.000 kr.  
Rekstrarleiga 23.963 kr.  
Bilasamningur 17.779 kr.



■ Berlingo Multispace 5 gíra 1,6i 110 hö\*  
Jólaverð 1.569.000 kr.  
Rekstrarleiga 28.762 kr.  
Bilasamningur 20.878 kr.



■ C2 VTS 5 gíra 1,6i 125 hö\*  
Jólaverð 1.569.000 kr.  
Rekstrarleiga 29.950 kr.  
Bilasamningur 21.146 kr.



■ C4 COUPÉ VTR 5 gíra 1,6i 110 hö\*  
Jólaverð 1.650.000 kr.  
Rekstrarleiga 28.450 kr.  
Bilasamningur 22.240 kr.



■ C4 SALOON SX 5 gíra 1,6i 110 hö\*  
Jólaverð 1.690.000 kr.  
Rekstrarleiga 29.251 kr.  
Bilasamningur 22.779 kr.



■ Xsara Picasso Exclusive 5 gíra 1,8i 117 hö\*  
Jólaverð 1.799.000 kr.  
Rekstrarleiga 31.133 kr.  
Bilasamningur 24.247 kr.



■ C5 SX sjálfskiptur 2,0i 143 hö\*  
Jólaverð 2.190.000 kr.  
Rekstrarleiga 38.455 kr.  
Bilasamningur 29.516 kr.



■ C8 SX sjálfskiptur 2,0i 138 hö\*  
Jólaverð 2.849.000 kr.  
Rekstrarleiga 49.023 kr.  
Bilasamningur 38.399 kr.


Þú færð afmælisgjöf - sumardekkinn í skottið og vetrardekkinn undir bílinn án aukakostnaðar - veljir þú nýjan Citroën.

Jólátíloð Brimborgar



Fimm ár eru liðin frá því Íslendingar kynntust að nýju eka frönskum munaði. Frakkar hafa sýnt svo um munar að þeir þekja orðið gæði. Citroën er vinsælasta franska fólkubílamerkið á Íslandi. Og vinsældirnar aukast með degi hverjum. 1.400 ánægðir Íslendingar aka nú stoltir um vegi landsins, sumar og vetur. Brimborg leggur mikla áherslu á þjónustu við Citroën eigendur. Við erum stolt yfir því að vera öruggur kaupstaður Citroën bíla. Láttu sjá þig á Citroën.

Sífelld fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðuðu sulumyndina hér til hægri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjaneshæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.citroen.is

\* Miðað við verð þann 24.11.2005. Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að aukri er kaupverð háð gengi. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Lán er bilasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk. / 50% erl. mynt. karfa. \*\* Staðgreitt: 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum af: C4 er álfelgur; C5 er álfelgur og sölluga; Berlingo er þokujök.

# skoðun

SJÓNARMÍÐ  
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Læknar hljóta að mótmæla brottvikningu ritstjóra Læknablaðsins.

## Til vansæmdar

Það er stjórnnum Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur til vansæmdar að hafa vikið Vilhjálm Rafnssyni prófessor úr starfi ritstjóra Læknablaðsins fyrir þá sök að ritið birti ádeilugrein á Kára Stefánsson forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar.

Stjórnir læknafélaganna hafa að vísu ekki staðfest að ádeilan á Kára sé ástæðan fyrir brottvikningunni en það blasir við og ritstjórnin fyrirverandi segir það berum orðum í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér á þriðjudaginn. Með ákvörðuninni er vegið að starfsheiðri ritstjórnans sem verið hefur við Læknablaðið í tólf ár og átt þátt í að gera það að alþjóðlega viðurkenndu riti á sínu sérsviði. Hitt er þó enn alvarlegra að vegið er að ritfrelsi sem er stjórnarskrávarin réttindi.

Í grein Jóhanns Tómassonar læknis, „Nýi sloppur keisars“, sem birtist í septemberhefti Læknablaðsins var fundið að því að Kári Stefánsson skyldi ráðinn til afleysinga á taugasjúkdómadeild Landspítalans. Greinarhöfundur hélt því fram að Kári hefði skilyrt, takmarkað lækningaleyfi og að hann hefði ekki stundað lækningar í um áratug. Hann fullyrði að yfirlæknir deildarinnar og yfirstjórn sjúkrahússins hefðu gert mistök með því að fallast á ráðninguna.

Ekki eru forsendur til að taka afstöðu til þess hvað hæft er í þessum ásökunum. Full ástæða er hins vegar til þess að greint verði opinberlega hvort rétt sé að lækningaleyfi Kára Stefánssonar sé takmarkað og hvort stjórnendum á Landspítala hafi þá orðið á mistök þegar þeir fengu hann til að annast sjúklinga tímabundið. Landlæknir og lækningaforstjóri spítalans hljóta að geta upplýst þetta.

Nokkru eftir að greinin birtist í Læknablaðinu sögðu allir ritstjórnarmenn tímaritsins, fimm að tölu, af sér vegna óánægju með birtingu greinarinnar. Hafði þá Kári Stefánsson mótmælt henni harðlega og krafist afsökunarbeiðni. Fyrirverandi ritstjóri segir að hann hafi jafnframt krafist brottvikningar sinnar úr starfi.

Fram hefur komið að fjórir fimmmenninganna, sem voru í ritstjórninni, eru í rannsóknarsamstarfi við Íslenska erfðagreiningu og Kára Stefánsson og að tveir þeirra hafa skrifað með honum fræðilegar greinar. Þessi tengsl kunna að skýra af hverju þeir kusu að víkja úr ritstjórninni.

Grein Jóhanns Tómassonar hefur einnig verið að finna í vefútgáfu Læknablaðsins. Samkvæmt ákvörðun stjórnar læknafélaganna voru hins vegar fjarlægðar tvær setningar í þeirri útgáfu og Kári Stefánsson beðinn afsökunar á innihaldi þeirra. Nú er gengið mun lengra með því að reka ritstjórnann úr starfi fyrir það eitt að hafa leyft birtingu ádeilugreinar.

Kári Stefánsson er merkilegur brautrygjandi í vísindum og atvinnulífi. Séu áskanir Jóhanns Tómassonar fullkomlega tilhæfulausar hlýtur það að vera auðvelt fyrir hann að hrekja þær í eitt skipti fyrir öll. Kári er ekki frekar en aðrir menn yfir það hafinn að svara gagnrýni efnislega. Kára er einnig opin sú leið að höfða mál og óska eftir því að ummæli Jóhanns Tómassonar verði dæmd dauð og ómerk. Hin leiðin, sem nú hefur verið farin, að reka ritstjóra Læknablaðsins úr starfi fyrir að virða ritfrelsi er algjörlega óviðunandi. Félagsmenn í læknafélögum geta ekki látið þetta viðgangast.

### Með þotuliði?

Það vakti nokkra athygli þegar *Morgunblaðið* birti í vikunni sem leið ritstjórnargreinar þar sem ákvörðun forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar, að vera viðstaddur krýningarhátíð Alberts fursta af Mónakó var gagnrýnd. Blaðið taldi að hann hefði ekkert erindi átt þangað og það gæti beinlínis komið óorði á opinberar heimsóknir forsetans að þiggja tilgangslaus veisluþóð. Ritstjórnin skrifaði: „Ekki eigum við svo mikil viðskipti við Mónakó? Ekki kaupa þeir svo mikið af íslenskum útlutnings-afurðum. Ekki skiptir Mónakó svo miklu máli í evrópskum stjórnmálum



### FRÁ DEGI TIL DAGS

að tilefni sé til af þeim sökum.“ Kallaði hann Mónakó „sérkennilegt umdæmi“ sem fyrst og fremst væri „þekkt fyrir spilavíti og þotuliði.“

### Forseti svarar

Daginn eftir svaraði Ólafur Ragnar þessum skrifum og benti á að Íslendingar ættu á ýmsan hátt samleið með smári eins og Mónakó. Fram kom að Albert fursti væri ekki bara glaumgosi í alþjóðlegu þotuliði. Hann væri „mikill áhugamaður um málefni norðurslóða og hvaða áhrif loftslagsbreytingar kunni að hafa á lífshætti og náttúru í norðurhluta heims.“ Þessi athugasemd forseta Íslands hefur greinilega haft áhrif. Í gær birtist heilsíðugrein í *Morgunblaðinu* undir fyrirsögninni „Albert fursti af Mónakó á leið á norðurlóðinn“. Þar kveður við annan tólm en í hinum neikvæðu ritstjórnargreinum undanfarna daga.

### Loksins!

Greinin hefst svona: „Loksins gefst almenningi tækifæri til að sjá með eigin augum það sem vísindamenn hafa varað við í langan tíma. Hvernig hin svonefndu gróðurhúsaáhrif gera það að verkom að jökla bráðna og hverfa. Albert II fursti af Mónakó hefur góðfúslega veitt lesendum *Morgunblaðsins* tækifæri til þess að sjá einstakar myndir sem langalangafi hans, Albert fursti af Mónakó, tók af Svalbarða, en Albert skipuleggur nú hundasleðaleiðangur sinn til norðurlóðsins.“ Með þessum hjartnæmu orðum fylgdu síðan gamlar og nýjar myndir af norðurlóðum. Það er kannski ekki ástæða til að ætla að milliríkjaeila hafi verið í uppsiglingu, en með birtingu myndanna ætti sambandið milli forsetans og *Morgunblaðsins* að hafa skánað eitthvað og því fagna allir góðhartaðir menn. gm@frettabladid.is

## Íslandísing

Á tímum kalda stríðsins var hugtakið „finnländisering“ stundum viðhaft um þjóðir sem lifðu í svo nánu sambýli við ógnvænlegt stórveldi, að þær kusu sjálfviljugar að takmarka umsvif sín í utanríkismálum við það, sem þær höfðu fyrirfram gengið úr skugga um að að væri stórveldinu þóknalegt, eða því að minnsta kosti mislíkaði ekki stórveldi.

Finnnum var ami að þessari notkun hugtaksins, en óneitanlega lýsti það vel þeim veruleika, sem þeir bjuggu við eftir að hafa tapað styrjöld við Sovétríkin, látið land af hendi við stórveldið og orðið því efnahagslega háð með því að stór hluti finnska hagkerfisins byggðist á framleiðslu fyrir Sovétríkin og snurðulausum viðskiptum við þau. Fáar eða engar vestrænar þjóðir munu því hafa orðið því jafnfagnar að sleppa undan hrammi rússneska bjarnarins og endurheimta sjálfstæði sitt til að haga utanríkisstefnu sinni svo sem hentaði þjóðarhagsmunum hverju sinni.

Íslenska þjóðin býr óneitanlega á áhrifsvæði mesta stórveldis heimsins, Bandaríkjanna. Þó höfum við aldrei sætt viðlíka þvingunum af hálfu þessa nágranna okkar og Finnar máttu sætta sig við af hálfu síns grannríkis. Á kaldastríðstímanum lá víglínan milli heimsveldanna þó um Norður-Atlantshafið þvert, frá Grænlandi til Bretlands (GIUK-hliðið) og Bandaríkin töldu óhjákvæmilegt að innlima Ísland í varnarkerfi sitt. Það var fyrst og fremst liður í heimavörnum þeirra, þótt óneitanlega væri það okkur vörn jafnframt, svo lengi sem átök stórveldanna snerust ekki upp í kjarnorkustyrjöld.

Ráðamönnum í Washington þótti þó oft nóg um það frjálsræði í utanríkismálum sem við leyfðum okkur á árum þorskastríðanna - m.a. með bakhjarl í sovétviðskiptum - og kölluðu okkur iðulega „bandamanninn trega“. Við fengum þó okkar

### Í DAG VARNIR ÍSLANDS

ÓLAFUR  
HANNIBALSSON



„Mér fannst það aðalfrétt helgarinnar að bandarísk hernaðaryfirvöld hafa nú opinberlega lýst yfir að þeir sjái enga þá ógn steðja að Íslandi, sem réttlætt geti stöðuga nærveru herafra þeirra hér.“

framgengt um útfærslu landhelginna og í heildina lítið má segja að við höfum haldið nokkuð vel á spilunum og nýtt okkur kæmlega þetta valdatafl stórveldanna meðan það ástand varði.

Í dag er hernaðarlegt mikilvægi Íslands ekkert. Mér fannst það aðalfrétt helgarinnar að bandarísk hernaðaryfirvöld hafa nú opinberlega lýst yfir að þeir sjái enga þá ógn steðja að Íslandi, sem réttlætt geti stöðuga nærveru herafra þeirra hér. Þau hafa nú þegar skipað Keflavíkurlflugvelli í lægsta flokk herstöðva, þar sem viðbúnaður takmarkist við aðgengi, ef og þegar aðstæður breyttust á þessum slóðum. Þetta er mat stærsta og voldugasta herveldis heimsins. Samt þverskallast frammamenn okkar og halda áfram að klifa á því að hér verði að vera „sýnilegar varnir“. Og að þeirra mati þýða „sýnilegar varnir“ fjórar þotur með tilheyrandi starfslíði! En hvernig sem venjulegir dauðlegir menn góna upp í háloftin er þeim fyrirmynd að að koma auga á þessa aðstöðandi ógn þaðan. Og nú er það staðfest að hernaðarsérfræðingar Bandaríkjanna sjá ekki heldur þær ógnvænlegu sýnir, sem tekið hafa sér fasta bólfestu í kollum

nokkurra áhrifamikilla íslenskra stjórnmalamanna.

Þessa áratútu íslenskra ráðamanna að ríghalda hér í her, sem ekki vill vera hér og hefur ekkert að gera hér, mætti ef til vill kalla „ísländiseringu“. Hún er að því leyti verri en finnländiseringin, að hún skilar okkur engu nema þá tregðu og óvild stórveldisins, sem menn þó vilja vera í vinfengi við. Og hún kemur í veg fyrir að við förum að ræða af skynsemi og yfirvegum hvernig hátta skuli vörnum á lögsögu Íslands.

Forstjóri landhelgisgæslunnar kom með þarf innlegg í þessa umræðu og á hárréttum tímamarki. Viðbrögð nýkjörins formanns Sjálfstæðisflokksins og utanríkisráðherra landsins vekja furðu. Aldrei hefur verið meiri þörf en nú á að ræða hvernig Íslendingar geti haganlegast komið fyrir vörnum landsins. Og þótt við höfum aldrei verið ginnkeypt fyrir trúboði um innlenda her og þjálfun ungra manna - og kvenna - í vopnaburði, þá höfum við allt frá dögum sjálfstæðisbaráttunnar skynjað að öflug landhelgisgæsla er undirstaða íslensks fullveldis. Landhelgisgæslan sýndi það líka á tímum þorskastríðanna hvers hún er megnug til varnar íslenskrar lögsögu. Þess vegna hef ég aldrei skilið hvers vegna ráðamenn hafa komist upp með að láta hana drabbast niður, jafnvel á þeim forsendum að við höfum ekki efni á að halda þeim skipum úti, sem hún þó ræður yfir! Á sama tíma erum við með ærnum kostnaði að montast með einhverjar tylftir manna með skammbýssur í teppabíssniss í Afganistan!

Nei, nú er lag að efla Landhelgisgæsluna, búa hana nýjum skipum, sem jafnframt megi beita til rannsókna á auðindum innan lögsögunnar, og sjá henni fyrir flugvélakosti sem nægi til að leysa björgunarsveit ameríska hersins af hólm. Það eru „sýnilegar varnir“ fullveldis Íslands. ■

## Jól í betri stofunni



Glæsileg ítölsk hönnun og ótrúleg myndgæði. Notuð af fagmönnum um allan heim og fást nú hjá EJS.

32" LCD  
159.900,-

20" LCD með DVD 79.900,-  
42" Plasma 189.900,-

FISIO

HANTARE

## MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIDVIKUDAGA

## Mest lesna viðskiptablaðið



AUGLÝSINGASÍMI  
550 5000

Callup kómun fyrir 365 prentmiða maí 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík ADALSIÐI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Ísland 1670-3871

# Afnemum VSK af öllum sófasettum

**TAX  
FREE  
DAGAR**

Nú afnemum við VSK  
af öllum sófasettum í  
Hagkaupum Smáralind  
og á markaði Hagkaupa  
Óseyri 1 Akureyri.



**Leðursófasett** 3+1+1 Boston



**Leðursófasett** 3+1+1 Nice



**Leðursófasett** 3+1+1 Relax



**Leðurhornsófi** 2+h+2 3130



**Leðursófasett** 3+1+1 M6217



**Leðursófasett** 3+1+1 Dany



**Leðursófasett** 3+1+1 3057



**Leðursófasett** 3+1+1 M3208



**Leðursófasett** 3+1+1 3002

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu.  
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Gildir til 4. desember eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 5.051 +0,98% Fjöldi viðskipta: 414  
Velta: 3.411 milljónir

## MESTA HÆKKUN

↑ Jarðboranir +2,04%  
Straumur +1,30%  
Bakkavör +1,27%

## MESTA LÆKKUN

↓ Flaga -2,97%  
Tryggingamiðst. -2,00%  
FL Group -1,28%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 47,50 +0,00% ... Bakkavör 48,00 +1,30% ... FL Group 15,40 -1,30% ... Flaga 4,90 -3,00% ... HB Grandi 9,45 +0,00% ... Íslandsbanki 16,40 +1,20% ... Jarðboranir 25,00 +2,00% ... KB banki 647,00 +1,10% ... Kögun 58,20 -0,70% ... Landsbankinn 23,60 +0,90% ... Marel 63,90 -0,20% ... SÍF 4,17 -0,70% ... Straumur-Burðarás 15,50 +1,30% ... Össur 111,00 +0,00%

## viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Peningaskápurinn...

## Ennþá hor í nós

Álög á skuldabréf bankanna og þá einkum KB banka hækkuðu í síðustu viku. Jafna menn þessari hækkingu við kvefpest, en mest varð hækkingin um 15 til 20 punktar. Ástæðan er talin vera sú að vognarsjóður hafi verið að hreyfa bréfin með sölu og ganga sagnir um að það hafi verið sjóður á vegum norska Seðlabankans. Yfirvöld fjármála eru kannski eitthvað pirruð út í KB banka, en það fór fyrir brjóstið á sumum þar ytra að yfirmaður bankans í Ósló skyldi segja sem svar við athugasemdum Fjármálaeftirlitsins þar í landi að allt sem frá eftirlitinu kæmi og væri lengra en fjórar línur væri of langt. Athugasemd eftirlitsins var reyndar á ábyrgð yfirmanns sem látinn var fara fyrir

nokkru. Í gær lækkaði krafan á skuldabréfin og var um tíma komin niður í það sem hún hefur verið til lengri tíma. Hún hækkaði svo lítilla og má segja að kvefið sé batnað, en ennþá sé smá hor í nós.

## Geta drukkið úr sér hrollinn

Annars ættu KB bankamenn að geta náð úr sér þessum nokkru komnum sem eftir standa á skuldabréfahitamælinum. Hæg eru heimatökin að setjast inn á næsta pöbb í London og fá sér einn sterkan. Bankinn á nefnilega hlut í nokkur hundruð krám í London. Þessi eign er í samvinnu við Tchenguizbræður sem tóku þátt í Somerfieldkaupunum. Þeir bræður eru hvergi nærri hættir og nú hyggja þeir á enn ein stórkaupin á vínakrínunum. Ef það gengur eftir, þá verður varla hægt að drekka neitt af ráði í London án þess að einhver pens klingi í kassanum hjá KB banka.



## MARKAÐSPUNKTAR

Gengi krónunnar lækkaði í gær og mældist lokagengi gengisvísitölunnar 105 stig og er alls um að ræða 0,29 prósentu lækkingu.

Gullverð mældist yfir 500 Bandaríkjadali á únsu sem er hæsta verð sem greitt hefur verið fyrir eina gullúnsu frá því í desember 1987.

Spáð hefur verið að Seðlabanki Evrópu muni hækka vexti í 2,75 prósent fyrir lok ársins 2006 en vextirnir eru um tvö prósent í dag.

## Hampiðjan hagnast um kvartmilljarð

Hagnaður Hampiðjunnar fyrstu níu mánuði ársins var um 250 milljónir króna eða um 3.361 milljón evra. Á þriðja ársfjórðungi hagnaðist félagið um 87 milljónir króna.

Hagnaður félagsins jókst um ellefu prósent á milli ára en um 28 prósent fyrir skatta.

Velta félagsins var fimm prósentum meiri en á sama tíma í fyrra og nam um 2,8 milljörðum króna.

Rekstur dótturfélagsins Swan Net Gundry á Írlandi, Skotlandi og austurströnd Bandaríkjanna gekk vel sem og rekstur Cosmos í Danmörku.

Stjórnendur félagsins segja að veiðarfærasala hérlandis hafi verið minni en vonir voru bundnar við vegna lélegra kolmunnaveiða undanfarna mánuði. Einnig hafi sterk króna gert rekstrarskilyrði veiðar-



**HAGNAÐARAUKNING** Hampiðjan skilaði um 250 milljóna króna hagnaði á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við 230 milljónir á sama tíma í fyrra.

færagerðar og útgerðar erfiðari en ella.

Eignarhlutur Hampiðjunnar í HB Grandi, sem er um tíu prósent, vegur drjúgt í afkomunni en hlutdeildarhagnaður var um 80 milljónir króna.

Starfsemi Hampiðjunnar fer nú fram í tíu löndum. - eþa

## Baugur kaupir hlut í dönsku fasteignafélagi

Forstjóri fasteignafélagsins Keops sem Baugur á stóran hlut í kaupir ásamt Baugi ríflega fimmtungs hlut í fasteignafélaginu Nordicom. Félagið er metið á ríflega tuttugu milljarða.

Baugur er ásamt forstjóra Keops, Ole Vagner, kaupandi að 22 prósentu hlut í danska fasteignafélaginu Nordicom sem skráð er í dönsku kauphöllinni.

Fyrirtækið er metið á ríflega tuttugu milljarða íslenskra króna í dönsku kauphöllinni og verðmæti hlutarins því um fjórir milljarðar króna. „Okkur bauðst þessi hlutur og þetta er áhugavert félag. Kaupin samrýmast vel fjárfestingarstefnu Baugs,“ segir Skarphéðinn Berg Steinarsson, framkvæmdastjóri Norrænna fjárfestinga Baugs. Fasteignir Nordicom eru metnar á hátt í þrjátíu milljarða króna, en meðal þeirra er verslanahúsnæði, auk þess sem félagið er með um tvöþúsund íbúðir í byggingu.

Baugur á fyrir stóran hlut í Keops sem er sambærilegt félag og Nordicom og er skráð í Kauphöllinni í Kaupmannahöfn. Keops er þó metið um tíu milljörðum herra á markaði. Þar sem félögin eru mjög lík má gera ráð fyrir að

áhugi sé á að sameina félögin þegar fram líða stundir. Bæði félögin hafa átt mjög gott ár á markaði og hækkað mikið á árinu.

Íslendingar hafa sýnt fasteignaviðskiptum í Kaupmannahöfn mikinn áhuga. Sigurjón Sighvatsson keypti á dögunum fasteignafélag í Danmörku og nokkrir íslenskir fjárfestar hafa sýnt danska fjárfestingafélaginu Atlas áhuga. Meðal þeirra sem nefndir hafa verið í tengslum við kaup á félaginu eru Exista og Eik fasteignafélag, Straumur Burðarás og Baugur.

Búið er við að niðurstaða tilboða í það félag liggja fyrir innan skamms. Fasteignaverð hefur farið hækkanði í Kaupmannahöfn og mikil eftirspurn eftir fasteignum í miðborg Kaupmannahafnar.

haffidi@frettabladid.is

Nú er jólasmjör á tilboði í næstu verslun.



OLE VAGNER Forstjóri fasteignafélagsins Keops tekur þátt í kaupum á Nordicom sem er líkt félag. Ekki er ólíklegt að sameining sé framtíðarmarkmið með kaupunum.

## Tvö ný samheitalyf hjá Actavis

Dótturfélag Actavis Group í Bandaríkjunum, Amide Pharmaceutical Inc., hefur fengið markaðsleyfi fyrir tvö ný samheitalyf í landinu.

Bandaríska Matvæla- og lyfjastofnunin hefur samþykkt að félagið fái að markaðssetja tvö lyf, um er að ræða verkjastillandi lyf og lyf sem er notað til meðhöndlunar á krampa. Talsmenn Actavis segja að nýju lyfin séu góð viðbót við vaxandi lyfjaúrval fyrirtækisins á Bandaríkjamarkaði. - hb

RÓBERT WESSMANN FORSTJÓRI ACTAVIS Actavis sækir sífellt meira inn á Bandaríkjamarkað.





Sólarupprás Hádegis Sólarlag  
 Reykjavík 10.43 13.16 15.50  
 Akureyri 10.50 13.01 15.12  
 Heimild: Almanak Háskólans

# allt

ferðir o.fl.

Ólafur þótti standa sig mjög vel sem leikstjórnandi á æfingamótinu sem haldið var í Póllandi fyrir skemmstu, en þar stóð íslenska liðið uppi sem sigurvegari. Athygli vakti að í leiknum gegn Danmörku á því móti kaus Ulrich Wilbek, þjálfari liðsins, að breyta varnartaktík sinni úr hinna hefðbundnu 6-0 vörn í 5-1 vörn, þar sem fremsti varnarmaður mætti Ólafi mjög framarlega. Alfreð segir að sjálfur láti hann sitt lið ekki spila neina sérstaka vörn á móti örvhentum leikstjórnanda. „En það eru sérstök varnarafrögð til að loka á örvhenta skyttu og það ætti alveg að gilda um örvhentan miðjumann,“ segir hann.

Víst þykir að Snorri Steinn Guðjónsson og Ólafur Stefánsson munu sjá um að spila stöðu miðjumanns íslenska liðsins á EM í Sviss sem hefst í lok janúar, en Snorri stóð sig frábærlega í þremur æfingaleikjum gegn Norðmönnum um helgina. En athygli vekur að Snorri Steinn er rétthentur og eðli málsins samkvæmt munu Viggó og lærisveinar hans því þurfa að ná að útfæra fléttur liðsins í sóknarleiknum fyrir hinn örvhenta Ólaf. „Með örvhentum miðjumann breytast hreytingarnar í sóknarleiknum talsvert, þar sem allar leikfléttur miða við að miðjumanninum sé réttthentur,“ segir Alfreð og bætir því við að það skipti litlu máli fyrir varnarleikinn hvort að leikmennirnir þar séu örvhentir eða réttthentir.



ÓLAFUR STEFÁNSSON Hefur verið að spila þó nokkuð í stöðu leikstjórnanda fyrir Ciudad Real á tímabilinu í ár og mun koma til með að gera slíkt hið sama fyrir íslenska landsliðið á næstu misserum.

Alfreð hefur þó litlar áhyggjur af því að Ólafur ráði ekki við stöðuna, enda fór hann illa með lærisveina hans í keppninni um konungs bikarinn á Spáni um síðustu helgi, en þar lá Magdeburg fyrir Ciudad Real í úrslitaleiknum með

nú mörkum.

„Ólafur var frábær í báðum leikjunum sem ég sá þar sem hann spilaði reyndar í sinni hefðbundnu stöðu sem skyttu. Hann er í toppformi – ég get vottað það,“ segir Alfreð.

vignir@frettabladid.is

Landsliðshópurinn fyrir Evrópumeistaramótið í handbolta verður valinn innan skamms:

# Slegist um síðustu farmiðana til Sviss

**HANDBOLTI** Það eru tæpir tveir mánuðir þar til EM hefst í Sviss og Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari

## ÖRUGGIR Á EM:

**BIKKIR ÍVAR GUÐMUNDSSON**  
HREIÐAR LEVÍ GUÐMUNDSSON  
**ROLAND VALUR ERADZE / GÍSLI GUÐMUNDSSON / HLYNUR MORTHENS**  
GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON  
**ÓLAFUR STEFÁNSSON**  
SNORRI STEINNI GUÐJÓNSSON  
**EINAR HÓLMGEIRSSON**  
ALEXANDER PETERSON  
**RÓBERT GUNNARSSON**  
SIGFÚS SIGURÐSSON  
**VIGNIR SVAVARSSON**  
JALIESKY GARCIA PADRON  
**ARNÓR ATLASON**

## ENN Í MYNDINI:

**LOGI GEIRSSON**  
BALDVIN ÞORSTEINSSON  
**ÞÓRIR ÓLAFSSON**  
ÁSGEIR ÖRN HALLGRÍMSSON  
**EINAR ÖRN JÓNSSON**  
VILHJÁLmur HALLDÓRSSON  
**MARKÚS MÁNI MICHAELSSON MAUTE**

mun tilkynna hópin sem fer utan væntanlega fyrr frekar en síðar. Ísland lék þrjá æfingaleiki gegn Noregi um síðustu helgi og Viggó sagði eftir leikina að hann væri svo gott sem búinn að velja hópin fyrir EM. Stóra spurningin er því hvaða leikmenn það eru sem hann tekur með til Sviss.

Í mínum huga eru 13 sæti frá tekin og því verður hart barist um síðustu þrjú sætin. Ég geri ráð fyrir þrem markvörðum í þessum 16 manna hópi en þóri aðeins að eyrnamerkja tvö þeirra. Birkir Ívar fer pottþétt út sem og Hreiðar Guðmundsson verði hann heill heilsu.

Þá er það þriðja markvarðasætið og slagurinn þar er á milli Rolands Eradze, Gísla Guðmundssonar og Hlyns

Morthens. Roland er klárlega fyrsti kostur af þessum þremur en líkamlegt ástand hans ræður miklu um hvort hann fer utan. Bæði Roland og Hreiðar hafa verið nokkuð meiddir og því er vart á annað hættandi en að taka þjá markverði á mótið.

Á listanum hér til hliðar sést síðan hvaða útleikmenn eiga bókað sæti til Sviss að mínu mati. Allir hafa verið að spila reglulega fyrir utan Arnór Atlason sem ég tel engu að síður öruggan í hópinum. Fjórtaða sætið hlýtur að falla í skaut leikmanns sem getur spilað vinstra horn þar sem Guðjón Valur

Sigurðsson kemur væntanlega til með að leika eitthvað sem skytta. Þá stendur valið á milli Loga Geirssonar og Baldvins Þorsteinssonar. Logi hlýtur að standa framur enda reynslumeiri og getur einnig leikið í stöðu skyttu.

Síðustu tvö sætin munu að öllum líkindum falla til örvhents manns, vinstri skyttu eða sterks varnarmanns. Markús Máni er svo gott sem úr myndinni og þá er ekki ólíklegt að Vilhjálmur Halldórsson fái að fljóta með. Baráttan um lokasætið er líklega á milli Þóris Ólafssonar, Ásgeirs Arnar Hallgrímssonar og Einars Arnar Jónssonar. Eins og staðan er í dag er líklegast að Þórir taki sætið enda er Ásgeir Örn úti í kuldanum hjá Viggó sem stendur.



ÍPRÓTTASKÝRING  
**HENRY BIRGIR GUNNARSSON**  
henry@frettabladid.is

Körfuknattleikslíð Hattar:

## Búið að ráða nýjan þjálfara

**KÖRFUBOLTI** Kristleifur Andrésón hefur verið ráðinn þjálfari úrvalsdeildarliðs Hattar en hann tekur við starfinu af Kirk Baker. Kristleifur er 46 ára íþróttakennari sem er alinn upp á Stóra-Kroppi í Borgarfirði en hefur verið viðloðandi íþróttalífið á Austurlandi síðan 1985 er hann gerðist íþróttakennari á Eiðum.

Kristleifur er ekki ókunngur starfinu þar sem hann þjálfaði meistaraflokkinn leiktíðina 2003-04, hann var síðan liðsstjóri síðasta vetur en hefur þjálfað yngri flokka félagsins í vetur.

„Það verður að vaða í verk efnið. Við getum allt eins skráð okkur úr deildinni ef við ætlum að falla,“ segir Kristleifur í fréttatilkynningu frá Hetti. „Fyrst og fremst þarf að breyta hugarfari leikmanna. Ef menn eru tilbúinir að snúa við blaðinu og berjast upp á líf og dauða getur ýmislegt gerst.“

- hbg



Eric Cantona er ekki með öllum mjalla:

## Best á hægri kantinum en guð vinstri bakvörður


**FÓTBOLTI** Frakkinn Eric Cantona, sem gerði garðinn frægan með Manchester United á árum áður, vakti mikla athygli á Bretlands-eyjum í gær með ummælum sínum um hvernig lið sem sumir vilja nefna úrvalsið Himnaríkis er skipað.

Cantona sagði í samtali við opinbera heimasíðu félagsins að guð sjálfur spilaði nú bara bakvörð í knattspyrnuliðinu í himnaríki á meðan George Best væri í aðalhlutverki á hægri vængnum. „Eftir fyrstu æfinguna hjá Best í himnaríki stal George Best

senunni í stöðu hægri kantmans, á meðan guð lék í stöðu vinstri bakvarðar. Ég vonast til þess að Best geymi stöðu fyrir mig í liðinu, þegar minn tími kemur.“

Eric Cantona hefur oft komið mönnum á óvart með undarlegum ummælum við hin ýmsu til efni. Hann einbeittir sér nú að strandfótbolta og kvikmynda- og auglýsingaleik.

**ERIC CANTONA** Cantona gladdi aðdáendur Man. Utd. með ummælum sínum um George Best.



# NOTUÐ TÆKI



**Hyundai 170**  
árg.2004 Vst.2.440



**JCB JS330 Beltavél**  
árg.1999 Vst.7.600



**Komatsu PC340LC**  
árg.1996 Vst.8.900



**JCB 3CX**  
árg.1999 Vst.5.100




**JCB 8018**  
árg.1999 Vst.2.400



**VELAVER**

Símar 588 2600  
og 893 1722  
www.velaver.is

# NÝJAR OG VINSÆLAR GEISLAPLÖTUR OG DVD TÓNLISTARDISKAR Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR



**The Darkness-One Way Ticket To Hell And Back**  
Glysrókkaramir í The Darkness voru þaulsetnir í toppsetum breiðskífu- og smáskífulistanna eftir útkomu "Permission To Land" árið 2003. Með nýju plötunni sanna þeir að The Darkness er ennþá eitt heitasta rokkbandið í bransanum í dag.

**CD**  
**1.999 kr.**



**System Of A Down-Mezmerize**


Rokkaramir í System Of A Down eru stórtækir á árinu 2005. Í maí sendu þér frá sér meistaraverkið "Mezmerize" sem inniheldur m.a. lagið frábæra og ofurvinsæla B.Y.O.B. Í síðustu viku kom svo platan Hypnotize í verlanir og það er óhætt að fullyrða að sú sé engu síðri. System Of A Down er sannarlega ferskasta og frumlegasta rokkshveitin í heiminum í dag.

**CD**  
**1.999 kr.**



**System Of A Down-Hypnotize**

**CD+DVD**  
**1.999 kr.**



**EAGLES-FAREWELL TOUR PART ONE**  
Ellefu árum eftir útgáfu „Hell Freezes Over“ kemur nýr tvöfaldur DVD tónleikadiskur með The Eagles sem fylltu leikvanga víðsvegar um heiminn í fyrra. Þessi hljómar jafnvel betur en „Hell Freezes Over“ og hefur að geyma alls 29 lög.

**2DVD**  
**3.499 kr.**



**Enya-Amarantine**

Á nýju plötunni, „Amarantine“, heldur Enya áfram að syngja sig inn í hjórtu tónlistaráhugamanna með ljúfum keltneskum tónum en alls hafa plötur hennar selst í yfir 50 milljónum eintaka á 18 ára sólóferi.

**CD**  
**1.999 kr.**



**Gavin Degraw-Chariot**

Gavin Degraw er 26 ára gamall söngvari og lagasmiður frá New York. Chariot er hans fyrsta plata og það sem af er árinu 2005 hafa smellirnir I Don't Want To Be, Chariot og Follow Through notið gríðarlegra vinsælda um heim allan.

**2CD**  
**1.999 kr.**

Úrvalið er í Skífunni!



skemmtir þér ;)

Stórslagur í handboltanum:

## Kiel lagði Lemgo að velli

**HANDBOLTI** Lemgo, sem Ásgeir Örn Hallgrímsson og Logi Geirsson leika með, tókst ekki að leggja Kiel að velli í þýsku bikarkeppninni í handbolta í gærkvöld en Kiel hafði betur á heimavelli sínum, 40-36.

Logi var að spila sinn fyrsta leik í langan tíma, en hann hefur verið frá vegna meiðsla í næstum hálf ári.

Ásgeir Örn Hallgrímsson og Logi Geirsson voru ekki á meðal markaskorara Lemgo. Logi á enn eftir að komast í sitt besta form og má reikna með því að hann muni fá að spila meira í næstu leikjum, en hann fékk í gærkvöld. -mh

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

27 28 29 30 1 2 3

#### Miðvikudagur

#### LEIKIR

- 19.15 Selfoss og Haukar mætast í DHL-deild karla.
- 19.15 Keflavík og Breiðablik mætast Iceland Express-deild kvenna.
- SJÓNVARP**
- 18.30 Bestu bikarmörkin á Sýn. Mörk með Man. Utd.
- 19.35 Enska deildarbikarinn á Sýn. Leikur Man. Utd og WBA.
- 21.35 Meistaradeildin á Sýn. Fréttapáttur.
- 22.05 Strákarnir í Celtic á Sýn.
- 22.20 Handboltakvöld á Rúv.
- 22.30 Enska deildarbikarinn á Sýn. Leikur Man. Utd og WBA. Endursýning.

## Jafntefli í baráttuleik

Valur og Stjarnan skildu jöfn í spennandi leik í Laugardalshöll í gær, 32-32.

**HANDBOLTI** Valur og Stjarnan skildu jöfn í æsispennandi leik í Laugardalshöll í gærkvöld þar sem hart var barist allan tímann. Á lokasekúndunni jöfnuðu gestirnir úr Garðabæ metin en þar var að verki Titi Kalandadze sem var markahæstur Stjornumanna með sjö mörk. Patrekur Jóhannesson fékk að finna til tevatnsins eftir aðeins 30 sekúndur þegar Ægir Jónsson rak hendina í andlit hans og lá Patrekur óvígur eftir og tók ekki meira þátt í leiknum.

„Þetta var grimmileg árás, það er einhver hefndarhugur í þeim frá því í bikarleiknum en það þýðir ekkert að væla yfir þessu, svona er þetta bara,“ sagði Sigurður Bjarnason, þjálfari Stjornunnar, eftir leikinn en hann var ánægður með sína menn, „Við vorum klaufar að missa þetta niður undir lokin en Valsmenn eru með frábært lið. En það er enginn vafi á því að við áttum



**ELVAR FRÍÐRIKSSON** Elvar Friðriksson, leikmaður Vals, er tekinn föstum tökum en hann skoraði þrjú mörk í leiknum.

að klára þennan leik enda erum við yfir allan tímann. Ég er mjög ánægður með alla þá baráttu sem við sýndum í þessum leik. Þetta var mjög skemmtilegur leikur, einn sá allra skemmtilegasti í vetur og ég vona að áhorfendur

geri sér grein fyrir því að hér er verið að spila topp handbolta. Hérna eru að berjast tvö sterk lið þar sem mikið er undir og það var allt til fyrirmyndar í þessum leik, góð dómgæsla og góður leikur að beggja hálfu,“ sagði Sigurður.

Baldvin Þorsteinsson átti góðan dag í Valsliðinu en hann skoraði fimm mörk og var ánægður með leikinn í heild sinni, „Það var fin stemning og fin baráttu í liðinu. Við vorum kannski ekki að spila okkar besta bolta en hugarfarið var til staðar og það er mjög jákvætt. Það er ekki margt sem fór úrskeiðis hjá okkur, kannski mátti nýta færin betur. Vörnin í fyrri hálfleik var frekar slöpp, en heilt yfir var þetta finn leikur hjá okkur og við vorum á endanum bara óheppnir að fara ekki með sigur af hólmi. Þetta datt ekki okkar megin í kvöld en við áttum samt finan leik,“ sagði Baldvin að lokum.

hjalti@frettabladi.is



**HÓLMGEIR EINARSSON** Hundfúll út í mótanefnd HSÍ og spáir handboltanum sömu örlögum og blakinu haldi hreyfingin áfram að vinna gegn sjálfri sér.

Kæra vegna leiks ÍR og ÍBV:

## Leiknum aðeins seinkað

**HANDBOLTI** Mótanefnd HSÍ svaraði erindi handknattleiksdeildar ÍR í gær en ÍR-ingar vildu fá leik sínum gegn ÍBV 17. desember seinkað um einn dag. Upprunalegu kærurni var vísað frá en mótanefndin féllst á að seinka leiknum í gær um nokkra klukkutíma.

„Hann átti að vera klukkan tvö en hefur verið færður til hálf sex. Strákarnir okkar sem verða í prófum þurfa því að spila leik klukkutíma eftir að þeir koma úr prófum,“ sagði Hólmgeir Einarsson, stjórnarmaður hjá ÍR, en hann var ekki sáttur við úrskurðinn. „Hvernig heldurðu að strákarnir séu eftir fjögurra tíma próf? Ég er hundsvekkur með þennan úrskurð. Ég tel að við handboltamenn séum að drepa okkur innan frá með svona vinnubrögðum. Það er þrjúkast út í eitt og ef fram heldur sem horfir verður handboltinn á sama stalli og blakið eftir tvö til þrjú ár.“ -hbj

Reading mætti ofjörlum sínum í enska deildabikarinn í gær:

## Arsenal lagði Ívar og féлага

**FÓTBOLTI** Ívar Ingimarsson og félagar í Reading náðu ekki að ógna liði Arsenal á Highbury í gær, þegar liðin mættust í ensku deildabikarkeppninni.

Arsenal komst yfir á tólfstu mínútu og var þar að verki Spánverjinn ungi, José Reyes. Robin van Persie kom Arsenal svo í 2-0 undir lok fyrri hálfleiksins. Antonio Lupoli, táníngur í liði Arsenal, bætti þriðja markinu við um miðjan síðari hálfleik.

Doncaster hélt áfram að koma á óvart í keppninni er liðið lagði



**ÍVAR INGIMARSSON** Ívar lék með Reading í gær en átti í erfiðleikum gegn sprækum framherjum Arsenal.

úrvalsdeildarlið Aston Villa að velli með þremur mörkum gegn engu. Leikmenn Aston Villa léku skelfilega illa og er ljóst að David O'Leary, knattspyrnustjóri liðsins, þarf að fá leikmenn sína til þess að spila betri fótbolta ef ekki á illa að fara í vetur.

Birmingham City lenti í erfiðleikum gegn Millwall á útivelli. Birmingham komst yfir í fyrri hálfleik með marki frá Julian Gray, en Dunne jafnaði leikinn í upphafi síðari hálfleiks og þar við sat. ■

# Fínir bílar

Gerðu góð kaup!



→ 6.290 þ.

VOLKSWAGEN TOUAREG  
Nýskr: 04/2003, 4900cc V-10  
DIESEL, 315 HÖ  
INNFLUTTUR AF UMBOÐI, EINN  
EIGANDI 5 dyra, Sjálfskiptur,  
Svartur, Ekinn 32 þ.  
Verð: 6.290.000



→ 4.150 þ.

BMW 320I  
Nýskr: 06/2005, 2000cc  
4 dyra, Sjálfskiptur, Dökkgrár,  
Ekinn 3 þ. ATH NÝTT ÚTLIT!  
Verð: 4.150.000  
NX-245



→ 8.190 þ.

LAND ROVER RANGE ROVER SPORT  
Nýskr: 08/2005, 4400cc, 300 HÖ,  
INNFLUTTUR AF UMBOÐI  
5 dyra, Sjálfskiptur, Svartur,  
Ekinn 7 þ.  
Verð: 8.190.000




→ 3.450 þ.

BMW 530I  
Nýskr: 05/2003, 3000cc  
4 dyra, Sjálfskiptur, Blár,  
Ekinn 54 þ. 232 HÖ  
EINN MEÐ ÖLLU!  
INNFLUTTUR AF UMBOÐI  
Verð: 3.450.000



→ 4.750 þ.

TOYOTA LANDCRUISER 4WD  
Nýskr: 03/2004, 3000cc  
5 dyra, Sjálfskiptur, Grár,  
Ekinn 50 þ.  
Verð: 4.750.000



→ 6.950 þ.

LAND ROVER RANGE ROVER  
Nýskr: 08/2002, 4400cc,  
286 HÖ, INNFLUTTUR AF UMBOÐI,  
EINN EIGANDI.  
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,  
Ekinn 41 þ.  
Verð: 6.950.000




→ 5.730 þ.

LEXUS RX400H  
Nýskr: 05/2005, 3300cc  
5 dyra, Sjálfskiptur,  
Ekinn 5 þ.



→ 4.580 þ.

MERCEDES E 430  
Nýskr: 01/2002, 4300cc,  
280 HÖ. EINN EIGANDI,  
INNFLUTTUR NÝR, 4 dyra,  
Sjálfskiptur, Ekinn 47 þ.  
Verð: 4.580.000



→ 9.200 þ.

PORSCHE 911 CARRERA 4  
Nýskr: 06/2005, 3600cc,  
320 HÖ. INNFLUTTUR AF UMBOÐI  
2 dyra, Sjálfskiptur, Grár,  
Ekinn 4 þ.  
Verð: 9.200.000

575 1230

www.bilaland.is

Opi mán-fös 10-18 og lau 12-16



Grjóthálsi 1  
bilaland.is

*The Shneedles*

# MIDASALA

## HEFST Á MORGUN KL. 10:00!

Vegleg gjafaumslög fáanleg á öllum sölustöðum



„Snilld...langbesta grínsýning sem ég hef séð í mörg ár.“

- The Sydney Morning Herald, Ástralía



„Ólýsanlega myndið! Ef ég ætti að geta lýst þessari sýningu þá þyrfti ég á orðum að halda sem hoppa og skoppa og stökkva af síðunni syngjandi beint í fangið á þér.“

- Sueddeutsche Zeitung, Þýskaland

„Bowart og Robinson eru óendanlega myndnir. The Shneedles bjóða áhorfendum upp á einstaka skemmtun, sem er ekki bara myndin, heldur líka innihaldsrík. Þeir heilla þig inn í sína furðuveröld strax á fyrstu mínútu og þú getur ekki annað en skellið þig allan tímann.“

- Suedwestpresse, Þýskaland

20% afsláttur til allra með GSM númer hjá Símanum.



**HVAÐ:** The Shneedles **HVAR:** Austurbæjarbíói **HVENÆR:** Föstudaginn 27. janúar kl. 20:00 **SÖLUSTADIR:** Reykjavík: í verslunum Skífunnar, Laugavegi, Kringlunni og Smáralind. **Akureyri:** Verslun BT. **Selfossi:** Verslun BT **MIDAVEÐ:** Aðeins 2.800 + miðagjald fyrir fullorðna og aðeins 1.900 + miðagjald fyrir yngri en 16 ára. **SÍMAAFSLÁTTUR:** Til að fá 20% afsláttinn þarftu að fara í eina af verslunum Skífunnar eða BT á Akureyri eða á Selfossi og sýna skjá GSM símans þíns. Út á hvern síma er að hámarki hægt að kaupa tvo miða með afslætti.

**ATH:** Aðgöngumiðar fást ekki endurgreiddir. Ölvun ógildir miðann. Hljóð- og myndupptökur óleyfilegar með öllu.

MIDASALA:

**midi.is**

NÁNARI UPPLÝSINGAR:

**WWW.event.is**

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:  
„People like blood sausage too, people are morons.“

Phill í kvikmyndinni Groundhog Day frá árinu 1993  
Svar:

# dagskrá








VIÐ TÆKIÐ TÓMAS ODDUR HRAFNSSON VARD VITNI AÐ DRAMATÍSKUM ENDALOKUM Í SEINASTA ÞÆTTI

## Bachelorinn og stelpurnar hans

Þátturinn um hinn Íslenska Bachelor hefur eflaust ekki farið framhjá neinum. Reyndar hef ég aldrei skilið hvers vegna framleiðendur þessara þátta datt í hug að nota orðið bachelor, þar sem í íslensku er til ágætis orð yfir þetta hugtak sem býr ekki yfir minstu örðu af engilsaxneskum áhrifum. Í seinasta þætti stóðu málin þannig að einungis þrjár stulkr stóðu eftir í baráttunni um hinn mjög svo sveitta piparsvein, Steingrím. Þátturinn liður áfram og maður fær strax á tilfinninguna að þessi annars ágæti drengur sem þátturinn snýst um sé ekki allur þar sem hann er séður. Það þarf þó ekki að vera að drengurinn sé svo slæmur. Eðli þáttanna er auðvitað svölitið á skjön við hefðbundin gildi í venjubundnu samfélagi. Einn karlmaður reynir við 15 konur og vonar að komast yfir eina þeirra. Eða er það ófugt? 15 konur reyna við einn karlmann og vona allar að hann velji sig. Þessi hugmynd getur, að mínu viti, aldrei verið síðsamleg. Eins og staðan er núna eru komnar nokkuð heitar tilfinningar í spilið hjá öllum aðilum. Manni finnst sem þeir aðilar sem eru að taka



þátt í þessu séu „in it for the long run“. Þess vegna get ég fullkomlega skilið þá spurningu sem einn þátttakanda spurði sjálfa sig og viðstadda þegar henni var boðin rós í athöfninni undir lok þáttarins. Eftir að ein stelpa hafði, þótt ótrúlegt væri, neitað rós frá Steina, varð þátturinn allt í einu áhugaverður fyrir mér. Nú þurftu hinar stelpurnar tvær að hugsa sig um. Velja þær að taka rósunum frá Steina sem klárlega setur þær í annað og þriðja sæti eða neita þær að taka við rósinni og, að mínu mati, halda reisninni og gefa skit í Steina greyði. Viðbrögð stulku númer tvö eru skiljanleg. Hún tekur við rósinni undir þeim formerkjum að hún hafi alltaf átt að fá rós. Sú þriðja stendur hins vegar frammi fyrir fyrnefndri síðferðisspurningu. Á þessum tímupunkti hefði mín stærsta ósk verið að hún hefði neitað honum líka og þátturinn hefði fallið um sjálft sig. En það er bara ég. Hún tók við rósinni með semingi þó, eftir að Steini hafði spurt hana hvort hún vildi hana eða ekki, í hastarlegum tón. Og með því lauk þessum dramatískasta þætti piparsveinsins hingað til.

 <p>▶ 22.40 <b>Heimildarmynd</b></p> <p>LEIF OVE ANDSNÆS</p>	 <p>▶ 21.15 <b>Spjall</b></p> <p>OPRAH</p>	 <p>▶ 22.10 <b>Drama</b></p> <p>RESCUE ME</p>	 <p>▶ 21.00 <b>Lifstill</b></p> <p>SÍRÝ</p>	 <p>▶ 22.05 <b>Fótbolti</b></p> <p>STRÁKARNIR Í CELTIC</p>
<p><b>SIJÓNVARPIÐ</b></p> <p>6.58 Ísland í bíói 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 2005 9.35 Oprah Winfrey 10.20 Strong Medicine (7:22) 11.05 Whose Line Is It Anyway 11.30 Night Court (2:15)</p>		<p><b>SIRKUS</b></p> <p>17.55 Cheers 18.20 Innlit / útlit (e)</p>		<p><b>SKJÁREINN</b></p> <p>16.20 Enski deildabikarinn 18.00 Íþrótta-spjallið 18.15 Sportið</p>
<p>17.05 Leiðarljós 17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Disneystundin 18.01 Liló og Stitch (49:65) 18.23 Sigildar teiknimyndir (1:14:2)</p>	<p>12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu formi 2005 13.05 Fresh Prince of Bel Air 13.30 Whose Line Is It Anyway? 13.55 Sjálfstætt fólk 14.30 Kevin Hill (10:22) 15.15 Wife Swap 2 (8:12) 16.00 Ginger segir frá 16.25 Tracey McBean 16.35 Könnuburinn Dóra 17.00 Smá skrifnir foreldrar 17.25 Heimur Hinriks 17.40 Pingi 17.45 Bold and the Beautiful 18.05 Neighbours</p>	<p>18.30 Fréttir Stöðvar 2 19.00 Game TV Allt það sem þú vilt vita um tölvur og tölvuleik! 19.30 Game TV 20.00 Friends 5 (4:23) 21.00 So You Think You Can Dance (9:12) Framleiðendur American Idol eru komnir hér með splunkunýjan raunveruleikaþátt. ▶ 22.10 Rescue Me (9:13) (Rebirth) Frábærir þættir um hóp slökkviliðsmanna í New York bar sem alltaf er eitthvað í gangi. Ef það eru ekki vandamál í vinnunni þá er það einkalíf sem er að angra þá. 22.55 Laguna Beach (9:11)</p>	<p>19.20 Pak yfir höfuðið (e) Umsjón hafa Hlynur Sigurðsson og Þyri Ásta Hafsteinsdóttir. 19.30 Will &amp; Grace (e) Grallaramir Will og Grace eru óaðskiljanlegir og samband þeirra einstakt. 20.00 America's Next Top Model IV – Lokabáttur Fjórtán stulkr keppa um titilinn. ▶ 21.00 Síry Spjallþáttadrottningin Sigríður Arnardóttir snýr aftur með þáttinn sinn Fólk með Síry. 22.00 Law &amp; Order: SVU Benson og Stabler rannsaka hvarf konu og dóttur hennar á táningsaldri. 22.50 Sex and the City – 2. þáttaröð Mr. Big tilkynnir Carrie það að hann gæti þurft að flytja til Parísar í ár.</p>	<p>18.30 Bestu bikarmörkin (Manchester United Ultimate Goals) Bikarveisla að hætti Manchester United en félagið hefur ellefu sinnum sigrað í keppninni (FA Cup). 19.35 Enski deildabikarinn (Man. Utd – WBA) 21.35 UEFA Champions League (Meistaradeild Evrópu fréttabáttur) Fréttir af leikmönnum og líðum í meistaradeild Evrópu. ▶ 22.05 Strákarnir í Celtic Íslensku strákarnir í Celtic, þeir Kjartan Henry og Theodor Elmar. Stákarnir hafa verið lykilmenn í Celtic U19 og hafa slegið í gegn hjá félaginu. 22.30 Enski deildabikarinn (Man. Utd – WBA)</p>
<p>18.30 Mikki mús (11:13) 18.54 Vikingalotó 19.00 Fréttir, Íþróttir og veður 19.35 Kastljós 20.35 Bráðavaktin (11:22) (ER, Ser. XI) 21.25 Skemmtiþáttur Catherine Tate (3:6) (The Catherine Tate Show) 22.00 Tíufréttir ▶ 22.40 Leif Ove Andsnæs (The South Bank Show: Leif Ove Andsnæs) Breskur þáttur um norska pianóleikarann Leif Ove Andsnæs. Honum er fylgt til heimaborgar sinnar, Björgvinjar, þar sem hann leikur verk Griegs á pianó tónskáldsins. Myndin verður endursýnd kl. 13.10 á sunnudag.</p>	<p>18.30 Fréttir Stöðvar 2 19.00 Ísland í dag 19.35 The Simpsons (18:23) 20.00 Strákarnir 20.30 Supernanny (4:11) 21.15 Oprah (12:145) ▶ 22.00 Missing (4:18) Ný þáttaröð þessa spennumyndaflokks sem fjallar um leit bandarísku alríkislögreglunnar að týndu fólk. Jess Mastriani er sérlegur aðstoðarmaður hennar í þeim rannsóknunum. Jess er sjáandi en hæfileika sína uppgötvaði hún eftir að hafa orðið fyrir eldingu. Magnaðir þættir í anda Cold Case. 22.45 Strong Medicine (8:22)</p>	<p>23.20 Fabulous Life of 23.45 David Letterman 0.30 Friends 5 (4:23) (e)</p>	<p>23.20 Jay Leno 0.05 Judging Amy (e) 0.55 Cheers (e) 1.20 Pak yfir höfuðið (e) 1.30 Östóvandi tónlist</p>	<p>14.00 Fulham – Bolton frá 27.11 16.00 Sunderland – Birmingham frá 26.11 18.00 Prunuskot (e) 19.00 Spurningabátturinn Spark (e) 19.35 Sunderland – Liverpool (b) 22.00 Wigan – Tottenham frá 26.11 Leikur sem fór fram síðastiðinn laugardag. 0.00 Aston Villa – Charlton frá 26.11 2.00 Dagskrárlök</p>
<p><b>STÖÐ 2 BÍÓ</b></p> <p>6.15 White Men Can't Jump 8.10 Gosford Park 10.25 Trail of the Pink Panther 12.00 The Importance of Being Earned 14.00 White Men Can't Jump 16.00 Gosford Park 18.15 Trail of the Pink Panther 20.00 The Importance of Being Earned Rómantísk gamanmynd með dramatískum undirtóni. 22.00 Mike Bassett: England Manager (Landsliðsþjálfari 0.00 Hollywood Homicide (Bb) 2.00 Diggstown</p>	<p><b>OMEGA</b></p> <p>Dagskrá allan sólarhringinn.</p>	<p><b>E! ENTERTAINMENT</b></p>	<p><b>AKSJÓN</b></p> <p>Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15</p>	<p><b>ENSKI BOLTINN</b></p>

## ERTU EKKI MEÐ MYNDLYKIL FRÁ DIGITAL ÍSLANDI?



Sjáðu NFS, RÚV, Sirkus og Popptví í stafrænum hágæðum. Þú getur leigt myndlykil fyrir aðeins 500 kr. á mánuði.\*

Myndlyklar frá Digital Íslandi fást í öllum verslunum Og Vodafone, Skifunnar og á áskriftardeild á Krókhálsi.

\*Leigja verður myndlykilinn minnst í þrjú mánuði.

digital island



ALLTAF, ALLS STAÐAR

**VIÐ MÆLUM MEÐ...**

**Leif Ove Andsnæs**

**Sjónvarpið kl. 22.40**

*Melvyn Bragg ræðir við Leif Ove Andsnæs í kvöld.*

**Undraverður píanóleikari**

Norski píanóleikarinn Leif Ove Andsnæs er í fremstu röð ungra tónlistarmanna um þessar mundir og honum hefur verið lýst sem músíkalskasta píanóleikara sinnar kynslóðar. Tónlistaráhugi Andsnæs kviknaði snemma. Fjögurra ára var hann byrjaður að læra á píanó og þegar hann var fimmtán ára hafði hann leikið flestar sónotur Beethovens og Mozarts. Í þessari bresku mynd ræðir sjónvarpsmaðurinn og rithöfundurinn Melvyn Bragg við Andsnæs, auk þess sem honum er fylgt til heimaborgar sinnar, Björgvinjar.



**14.00**  
**Umræða**  
HRAFNAÐING

**7.00** Ísland í bítíð **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Þróttfréttir/Veðurfréttir/Leifur dagblaða/Hádegisfréttir – fréttavíðtal. **13.00** Þróttabáttur  
**14.00** Hrafnáþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/Þróttir/veður

**19.35** Kvölddagskrá 19.40 Samantekt úr Fréttavaktinni frá því fyrr um daginn. **20.10** Endurtekinn þáttur frá liðinni helgi.

**21.10** Frontline (Failure to Protect: The Taking of Logan Marr)

**21.55** Kvölddagskrá 19.40 Samantekt úr Fréttavaktinni frá því fyrr um daginn. **20.10** Endurtekinn þáttur frá liðinni helgi.

**23.00** Endursýningar

**ERLENDAR STÖÐVAR**

**SKY NEWS**  
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**  
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**  
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**

**11.30** Football: Eurogoals **12.30** Football: Football World Cup Season Legends **13.30** Football: Football World Cup Season News **13.45** Football: Football World Cup Season Journeys **14.00** Bowls: Scottish International Masters Scotland **16.30** Football: UEFA Cup **18.00** Boxing **19.00** All Sports: Wednesday Selection **19.10** Sailing: Inside Alinghi **19.15** Polo: British Polo Championship Coworth Park **19.45** Golf: Challenge Tour **20.15** All Sports: Casa Italia: Road to Torino 2006 **20.30** Bowls: Scottish International Masters Scotland **21.45** Football: UEFA Cup **22.45** Fight Sport: Fight Club

**BBC PRIME**

**12.00** Ever Decreasing Circles **12.30** Butterflies **13.00** Ball-ykissangel **14.00** Teletubbies Everywhere **14.10** Bill and Ben **14.20** Yoko Abo **14.25** Binka **14.30** Boogie Beebies **14.45** Fimbles **15.05** Tikakabla **15.35** Diy **16.00** How to Be a Gardener **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Doctors **18.30** Eastenders **19.00** Changing Rooms **19.30** Rick Stein's Food Heroes **20.00** Complete Obsession – Body Dysmorphia **20.50** Princess to Queen **22.00** The Inspector Lynley Mysteries

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** When Expeditions Go Wrong **13.00** Bug Attack **14.00** Seconds From Disaster **15.00** Seconds From Disaster **16.00** Megastuctures **17.00** When Expeditions Go Wrong **18.00** Megastuctures **19.00** Dangerous Encounters **20.00** Seconds From Disaster **21.00** Seconds From Disaster **22.00** Megastuctures **23.00** When Expeditions Go Wrong **0.00** Seconds From Disaster **1.00** Megastuctures

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Meerkat Manor **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** Predator's Prey **14.00** Nightmares of Nature **14.30** Animal Planet **15.00** Animal Cop's Houston **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** Big Cat Diary **18.00** Meerkat Manor **18.30** Monkey Business **19.00** Chimpanzee Diary **19.30** Predator's Prey **20.00** Weird Nature **20.30** Supernatural **21.00** Miami Animal Police **22.00** Meerkat Manor **22.30** Monkey Business **23.00** Venom ER **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Weird Nature **1.30** Supernatural

**DISCOVERY**

**12.05** Great Quakes **13.00** Rex Hunt Fishing Adventures **13.30** Fishing on the Edge **14.00** Extreme Engineering

**TALSTÖÐIN** FM 90,9

**6.58** Ísland í bítíð. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttavíðtalíð. **13.10** Sögur af fólki e. **14.10** Hrafnáþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökullsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

**BYLGJAN** FM 98,9

**5.00** Reykjavík síðdegis. **7.00** Ísland í bítíð **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalahádegisfréttir **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag. **19.30** Bragi Guðmundsson – með ástarkevju

**RÁS 1** FM 92,4/93,5

**6.05** Árla dags **6.50** Bæn **7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **8.30** Árla dags **9.05** Laufskálinn **9.40** Slæðingur **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Pipar og salt **11.03** Samfélagið í nærmind

**12.03** Hádegisútlit **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Vilt og breitt **14.03** Útvarpsagan: Hermann **14.30** Miðdegisónar **15.03** Orð skulu standa **16.13** Hlaupanótan **17.03** Viðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vítinn **19.30** Laufskálinn **20.10** Sömmen söngvanna **21.00** Ut um græna grundu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Bókabátturinn **23.05** Fallegast á fonin

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**ÚTVARP SAGA** FM 99,4

**8.00** Arnþróður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhomíð **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Guðstaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhomíð **20.00** Arnþróður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Guðstaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson **5.00** Arnþróður Karlsdóttir

**RÁS 2** FM 90,1/99,9

**6.05** Einn og hálfur með Magnúsi R. Einarssyni **7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gestu Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútlit **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmláútlit Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Tónlist að hætti hússins **20.00** Ungmennafélagið **21.00** Konsert með Dinosaur Jr **22.10** Popp og ról


**AÐRAR STÖÐVAR**

**FM 95.7** Effem / Zúber tónlistarstöðin  
**FM 102.2** Útlit / Fjölskyldu útlit  
**FM 102.9** Lindin / Kristilegt efni  
**FM 96.7** Létt / Tónlist og afþreying  
**FM 105.5** Útlit / Kristilegt efni  
**FM 89.5** Kiss / Nýja bítíð í bænum  
**FM 88.5** XA-Rádio / 12 spora efni  
**FM 91.9** XFM / Tónlist og afþreying  
**FM 104.5** Rádíó Reykjavík / Tónlist og afþreying



Enn betri kaup  
**2.985.000 kr.**  
KIA Sorento EX V6 194 hö. sjálfskiptur

**KIA Sorento og vandaðir aukahlutir**  
Nú bjóðum við KIA Sorento V6 með Garmin leiðsögukerfi (street pilot) og 31" heilsársdekkjum – aukahlutapakka að verðmæti 134.000 kr. – takmarkað magn!



*KIA umboðið er eini viðurkennið sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi. 3 ára ábyrgð.*



KIA fer fram úr helstu bílaframeiðendum heimsins í nýrri gæðakönnun JD Power varð KIA Sorento sigurvegari í flokki aldrifsbíla og sá eini sem fékk 5 stjörnur.



**KIA MOTORS**

**HEKLA** KIA umboðið á Íslandi er í eigu Heklu hf.

Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700



## HRÓSIÐ

...fær Roger Moore fyrir að koma loksins til Íslands.



## ÞRÍR SPURÐIR

# Sækir að þér skammdegisþunglyndi á þessum tíma árs?



### Mikið að gera

Nei, ég finn ekki neitt fyrir því. Það er svo mikið að gera á þessum tíma að það gefst ekki tími fyrir neitt þunglyndi. Á þessum tíma er bara fjór hjá mér.

**GUÐRÚN KRISTÍN SVEINBJÖRNSDÓTTIR**, fatahönnuður og eigandi GuSt.



### Jólaþjósín létta lundina

Nei alls ekki. Nú eru öll jólaþjósín að koma sem létta manni lund svo það er bara alls ekkert þunglyndi hér. Ég hef aldrei fundið fyrir skammdegisþunglyndi og mér hefur aldrei líðið neitt illa á þessum árstíma.

**PÁLL BENEDIKTSSON** fréttamaður.

### Fann fyrir því áður

Ekki eftir að ég byrjaði á Herbalife. Ég fann fyrir því áður en nú þegar ég er byrjuð að taka vítamín og drekka hrístinga þá verð ég ekki vör við minnsta þunglyndi. Ég held að þetta gerist hjá mörgum vegna þess að þegar kemur svona mikið myrkur þá hættum við að borða nóg af ávöxtum og grænmeti því það er svo kalt. Við sækjum í orkumeiri mat og skortir þá efni sem veita okkur velliðan.

**HANNA KRISTÍN DIDRIKSEN** snyrtifræðingur.



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

**LÁRÉTT:** 2 eitt þróunarstig skordýrs 6 utan 8 skarð 9 forskeyti 11 vörumerki 12 póll 14 frádráttamerki 16 skóli 17 fæða 18 örn 20 gangþófi 21 mjólkurvara.

**LÓÐRÉTT:** 1 fýla 3 klukka 4 lærisveinn 5 þakbrún 7 keppikefli 10 mánuður 13 líða vel 15 stórra herbergja 16 blaður 19 skyldir.

### LAUSN

16 Mas, 19 Iy, 7 Takmark, 10 Maí, 13 Una, 15 Sala, 17 Ala, 18 Ar, 20 Il, 21 Skyr, 11 Ss, 12 Skaut, 14 Mínus, 16 Ma, 19 Sam, 2 Púpu, 6 Út, 8 Rof, 9 Sam, 10BRET: 1 Fús, 3 Úr, 4 Postull, 5 Ús,



**GUÐNI ÁGÚSTSSON OG MJÓLKURPÓSTUR MJÓLKU** Guðni Ágústsson er mikill mjólkurkarl og var ekki svikinn af mjólkursöpanum frá Mjólkú í gær. „Þetta er bara góð íslensk mjólk,“ sagði ráðherrann. FRÉTTABLAÐIÐ / VALGARD

## GUÐNI ÁGÚSTSSON: NOTAR TÍSKUOST Í MATINN HJÁ SÉR

# Íslenska mjólkinn best á bragðið?

Í gær fékk Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra óvænta heimsókn frá mjólkurpósti Mjólkú. Tílefni heimsóknarinnar var að afhenda ráðherranum boðsbréf vegna opnun nýrrar mjólkurstöðvar í Ártúnsholtinu en Mjólkú er nýtt mjólkurfyrirtæki á markaðnum og hyggst framleiða og selja unnar mjólkurvörur fyrir innanlandsmarkað.

„Þetta var mjög skemmtileg upptök,“ sagði Guðni þegar hann var inntur álits á þessum gestagangi. Mjólkurpósturinn kom ekki eingöngu með boðs-

bréfið því hann færði ráðherranum mjólk í mjólkurflösku en þær hafa ekki sést í háa herrans tíð. Guðni lét ekki segja sér það tvisvar heldur fékk sér góðan sopa af mjólkinni en fann þó engan mun. „Þetta var bara góð íslensk mjólk sem margir telja vera þá bestu í heimi hvað bragðið varðar,“ sagði Guðni.

Ráðherrann hefur áður lýst yfir aðdáun sinni á íslensku pylsuni en Guðni er ekki síðri aðdáandi íslenskra mjólkurvara. „Það er mjög mikilvægt að drekka mjólk í lífinu og borða mjólkurmat fyrir

beinin þannig að maður sé beinn í baki og beri skrokkinn út lífið,“ útskýrir Guðni. „Beinin brotna og bogna síður og maður fær síður beinþynningu.“ Ráðherrann bætur síðan við: „Fyrir utan það að fram að tvítugu er maður að leggja inn í beinabankann og þess vegna ber ungu fólki að huga að því að neyta kalkríkrar fæðu en hún er best fyrir beinin.“

Mjólkú er fyrsta fyrirtækið sem fer í samkeppni á mjólkurmarkaðnum og dáðist Guðni að dagnaði fjölskyldunnar á Eyjum II í Kjós. „Þarna er dugleg fjöl-

skylda sem kys að fara þessa leið og rekur sitt kúa- og mjólkurbú,“ segir Guðni sem telur að ef samkeppni er eðlileg og heiðarleg þá sé hún af hinu góða og lífgi og auðgi markaðinn.

Mjólkú hefur innreið sína með fjórnum tegundum af fetaosti en hann nýtur sívaxandi vinsælda hér á landi. „Þetta er tískuostur mikill og unga fólkið notar hann mikið,“ segir Guðni. „Mér finnst hann mjög góður og við notum þennan ost töluvert á mínu heimili.“

freyrgigja@frettabladid.is

**allt tilboð**  
Alla föstudaga

**ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIR VEFTV**

**HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!**

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir í stafrænum gæðum á visir.is

## Damien Rice til Íslands

Írski tónlistarmaðurinn Damien Rice hefur samþykkt að koma fram á tónleikum í Laugardalshöll 7. janúar til eflingar náttúruvernd á Íslandi. Með honum í för verður söngkonan Lisa Hannigan sem hefur sungið mikið með honum í gegnum árin.

Áður höfðu stór nöfn á borð við Björk, Damon Albarn, Sigur Rós, Hjalma, Ham, Múm, Egó og Ghostigital staðfest komu sína. Hópurinn kallar sig nú Hætta! „Ég hringdi í hann og spurði hvort hann væri til í þetta og hann sagði bara „auðvitað“,“ segir Kári Sturluson, góðvinur Damien Rice, sem nýverið stóð fyrir vel heppnuðum tónleikum Sigur Rósar í Höllinni.

Að sögn Kára er Rice önnur kafinn um þessar mundir við upptökur á næstu plötu sinni. Þrátt fyrir það ákvað hann að taka sér pásu frá upptökunum í janúar til að spila hér á landi enda ekki á

hverjum degi sem slíkt er í boði.

Rice sló í gegn fyrir tveimur árum síðan með fyrstu plötu sinni O og var tónlist hans meðal annars notuð í hinni margverðlaunuðu mynd Closer. Hann spilaði hér á landi síðast á Nasa í september í fyrra ásamt Lisu Hannigan við frábærar undirtektir. Koma hans hingað til lands er mikill fengur fyrir tónlistarunnendur.

Með tónleikunum í Höllinni vilja skipuleggjendur og tónlistarmenn beina athyglinni að náttúru Íslands og því að hún sé ekki sjálfsgöð uppspretta raforkuvera eða álvera. Miðasala á tónleikana hefst á morgun á midi.is og í verslunum 12 Tóna, Smekkleysu, BT og Skífunnar og í Kaffi Hljómalind. Miðaverð er 3.000 krónur í stúku en 2.500 í stæði auk miðagjalds.

**DAMIEN RICE** Írski tónlistarmaðurinn Damien Rice er á leiðinni hingað til lands í janúar.



# Landsins mesta úrval

## Landsins mesta úrval af leikföngum



HAGKAUP  
LÆKKA VERÐ  
Á LEIKFÖNGUM


Ertu búin að sjá leikfangablað  
Hagkaupa? Kíktu á blaðið á  
[www.hagkaup.is](http://www.hagkaup.is). Yfir 500 tegundir  
af skemmtilegum leikföngum.

## Gjafahandbókin 2005

Púsundir hugmynda að  
frábærum jólagjöfum

Ertu búin að sjá gjafahandbók  
Hagkaupa? Kíktu á blaðið á  
[www.hagkaup.is](http://www.hagkaup.is).

Púsundir hugmynda að frábærum  
jólagjöfum.



**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



Námsmenn athugið!

- skerpir athygli
- eykur þol



## BAKÞANKAR

GERÐAR KRISTNÝJAR

### Hillumetrar af hamingju

Nú er runninn upp sá tími þegar rithöfundar spretta fram og syngja sömu tíðindi og dúkkan Konni í Búkolla í Bankastræti: „Ha, ha, ha, hlustið á, nú hef ég sögu að segja frá.“ Eflaust liggja margar ástæður fyrir því að þeir settust við skriftir. Þó má slá því föstu að öllum hafi þeim legið sitthvað á hjarta en ekki er heldur verra að eygja von um eilíftil laun. Í Persónur og leikendur eftir Pétur Gunnarsson varar sögukennari við þeirri óheillaþróun að húsmæður séu farnar að rissa upp hillumetrum af vaðli af því þær vanti fyrir eldhúsinnréttingu.

**FYRIR** nokkrum árum skrifaði ég barnasögu og hér með upplýsist að ekki var það aðeins vegna þess að á mig leitaði áhugaverð persóna og atburðarás, heldur langaði mig líka til að láta gera upp eldhúsið mitt. Húsið er frá árinu 1947 og af lága eldhúsbeknum að dæma mætti halda að þá hafi dvergar búið þetta land. Samt bjuggu þeir Andrés Björnsson útvarpsstjóri og Halldór Blöndal þingmaður eitt sinn í þessari íbúð – þó ekki saman – svo varla getur það verið.

**LAUNIN** fyrir bókina ávöxtuðust í fáein ár og á meðan undirbjó ég mig fyrir átökin með því að fylgjast með þáttum og blöðum um fögur hífýli. Í ár var síðan flautað til leiks og að undanfögnu hefur hver iðnaðarmaðurinn á fætur öðrum birist hér á heimilinu og fönndrað sitthvað fint inni í eldhúsi. Ekki leið á löngu þar til það rann upp fyrir mér að ég hefði lítið lært á öllum Bolig-lestrinum. Mér er til dæmis alveg sama hvernig skúffuhöldur líta út og sömuleiðis er smekkur minn á gljástigi málningar afar lítt mótaður.

**SAMKVÆMT** húsbúnaðarblöðunum hélt ég að nóg væri að þekkja til félaganna Jacobsen eða Starck til að eignast sæmilegt heimili en það dugar skammt þegar kemur að gljástigi. Og hafi verið gerðar úttektir á gljástigi í sjónvarpsþáttunum hef ég greinilega misst af því. Ég man líka hvað ég var gjörn á að lækka niður í talinu og njóta herlegheitanna í þögn. Líklega gerði ég það einmitt vegna þess að verið var að tala um það sem mér þótti smáatriði, þ.e.a.s. skúffuhöldurnar og gljástigið.

**SEM** betur fer er hönnuðurinn minn ekki langt undan og á svör við flóknustu spurningum. Svo mikið lærði ég þó á allri stúdíunni – maður ræður sér hönnuð. Sá sem tók eldhúsið mitt að sér er með próf frá Ítalíu upp á vasa þar sem góður smekkur er fólki í blóð borinn. Sjáðu bara hringlega form pizzunnar, fullkomnunin sjálf. Og þótt hönnuðurinn hafi eflaust kostað mig 12 fyrstu kaflana í fyrrnefndri skáld sögu borgar það sig fullkomlega. Á meðan hann tekur mikilvægar ákvarðanir fyrir mig get ég einbeitt mér að næstu ljóðabók. Það verður nefnilega að segjast eins og er, það herbergið er hörmung. Þar væri gott að fá fáeina hillumetra, ef ekki undir vaðal, þá að minnsta kosti handklæðin.



### SJÓN: ARGÓARFLÍSIN



„... SNJALLT VERK OG FEIKILEGA VEL SKRIFAÐ ...“

- Kolbrún Bergþórsdóttir, Blaðið

„ALVEG FANTASKEMMTILEG BÓK“

- Illugi Jökulsson, Talstöðinni

„ÞETTA ER LISTILEGA SKRIFUÐ SAGA“

- Silja Aðalsteinsdóttir, TMM

„MAGNAÐUR SKÁLDSKAPUR ...“

- Halldór Guðmundsson, Fréttablaðið

# VINSAMLEGAST TAKIÐ EFTIR

## JÓN KALMAN STEFÁNSSON: SUMARLJÓS



„... HRÍFANDI FYNDIN ... SUMARLJÓS OG SVO KEMUR NÓTTIN ER FRÁBÆRLEGA VEL STÍLUÐ BÓK. ... ÞVÍ SKÁLD ER JÓN KALMAN, GLIMRANDI SKÁLD.“

- Páll Baldvin Baldvinsson, DV

„ÞETTA ER FYNDIN BÓK OG SKRINGILEG EN SAMT DJÚP OG SÁR“

- Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir, Rás 1



BJARTUR

ORMSSON Í SMÁRALIND 1 ÁRS!

AF ÞVÍ TILEFNI BJÓÐUM VIÐ UPP Á FRÁBÆR

**AFMÆLISTILBOÐ**

| MIÐVIKUDAG | FIMMTUDAG |

**ORMSSON**

SMÁRALIND · SÍMI 530 2900

Vinsamlega athugið:

- Öll afmælistilboð á SAMSUNG, PIONEER, LOEWE og SHARP eru einnig í boði í ORMSSON Síðumúla 9.
- Öll afmælistilboð á AEG, TEFAL, SOLIS og EMILIE HENRY eru einnig í boði í ORMSSON Lágumúla 8

